

LÝÐUR BJÖRNSSON

SAGA VERSLUNAR Á ÍSLANDI



SVP
Samök verzlunar og fjárnætur

2005

SAGA VERSLUNAR Á ÍSLANDI

1. útgáfa, SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu, 2004
2. útgáfa, Viðskiptaráðuneyti, 2005

Saga verslunar á Íslandi var tekin saman og gefin út í tilefni af 5 ára afmæli Samtaka verslunar og þjónustu, árið 2004. Lýður Björnsson sagnfræðingur tók ritið saman að tilstuðlan samtakanna sem gáfu það út. Veitir ritið yfirlit um sögu og þróun verslunar á Íslandi, einkum tímabilið eftir að verslunin komst í hendur Íslendinga sjálfra.

Viðskiptaráðuneytið fékk leyfi til að auka við efni sögunnar og spannar hún nú tímabilið allt frá upphafi verslunar við Ísland til dagsins í dag. Sá Lýður Björnsson einnig um ritun þess viðauka. Er saga verslunar á Íslandi nú gefin út í annað sinn, að þessu sinni af viðskiptaráðuneytinu, í tilefni 150 ára afmælis verslunarfrelsis á landinu.

Upplag 2. útgáfu er 200 eintök.

Prófarkalestur var í höndum Péturs Ástvaldssonar og Laufeyjar Leifsdóttur.

Myndir: Myndir á bls. 1, 25, 27 og 32 eru úr safni Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Mynd á bls. 23 er frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.


Aðeins er heimilt að fjölfalda þetta rit og dreifa ef útgefenda og höfundar er getið.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Upphaf verslunar við Ísland	5
2. Norska öldin	6
2.1 Hansakaupmenn	6
2.2 Búalög	7
2.3 Hnignun Björgvinjar	7
3. Enska öldin	8
3.1 Samkeppni um Íslandsverslun	8
3.3 Skreiðin vinsæl	9
4. Þýska öldin	10
4.1 Verslun milli Evrópu og Ameríku	10
4.2 Kaupskaparstefna	11
5. Einokunarverslunin	12
5.1 Verslunarhafnir	13
5.2 Eftirmæli einokunarverslunar	13
5.3 Tillaga felld um íslenskt verslunarfélag	14
5.4 Lögmál framboðs og eftirspurnar	14
6. Fríhöndlunin	15
6.1 Kaupstaðir stofnaðir	15
6.2 Konungur hafnar bænaskrá	16
6.3 Íslendingar hefja verslunarrekstur	17
6.4 Hann fylkti liðinu	17
7. Frjáls verslun 1855–1914	19
7.1 Stofnun verslunarfélaga	19
7.2 Hagkvæm vöruskipti	20
7.3 Sérverslanir	21
8. Opinber afskipti í algleymingi 1914–1960	23
8.1 Landsverslunin	23
8.2 Reykjavík styrkir stöðu sína	24
8.3 Ríkiseinkasala	24
8.4 Kreppan	25
8.5 Heimsstyrjöldin síðari	26
8.6 Nýir markaðir	26
8.7 Viðskipti við Bandaríkin	27
8.8 Kaupgeta eykst í stríðslok	28
8.9 Fjárhagsráð stofnað	28
8.10 Marshallaðstoðin	29
8.11 Viðskipti við Sovétríkin	29
8.12 Skert verslunarfrelsi	30
9. Sívaxandi frjálsræði 1960–2005	31
9.1 Verðlagshöft afnumin	31
9.2 Greiðslukort	32
9.3 Lánsverslun	32
9.4 EES-samningurinn	33
9.4 Lágvöruverslun	33
9.5 Verslun og samgöngur	34
9.6 Skyggnir skuld fyrir sjón	34
Nokkur rit og ritgerðir um verslunarsögu	37
Samkeppnin og Íslendingar	39

Inngangur

Árið er 67 fyrir Kristsburð og staðurinn er höfn í Norður-Afríku. Skip með fullar lestar af korni er ferðbúið til siglingar til sveltandi íbúa Rómar. Það geisa stormar á Miðjarðarhafinu og áhöfnin er hikandi um hvort halda skuli á haf út. Þá mælir rómverski stríðsherrann og stjórnmalaskörungurinn Gnaeus Pompejus hin fleygu orð *Navigare necesse est, vivere non est necesse* – „Að sigla er nauðsyn, að lifa er ekki nauðsyn“. Þessi slagorð sýna hversu mikilvæg vöruviðskipti hafa verið árpúsundum saman og að verslun er undirstaða þess að fólk hafi fengið nauðsynjavöru. Þau minna líka á þær hættur sem kaupmenn lögðu í með siglingum milli landa. Siglingar eru samofnar verslunarsögu Íslendinga, þótt sú saga hefjist löngu eftir upphaf verslunar á Miðjarðarhafinu.



1. Upphaf verslunar við Ísland

Verulegur fjöldi haffærra skipa mun hafa borist til landsins með landnámsmönnum en þau gengu úr sér næstu aldirnar. Ekki var fyllt í skörðin og á tímabilinu 1100–1170 finnast aðeins fimm örugg dæmi um skip í eigu landsmanna. Íslendinga sögur geta um siglingu til mjög margra staða í landinu og er líklegt að svo hafi verið á meðan landsmenn áttu sjálfir skip í förum. Þetta breyttist þegar aldir liðu fram. Á 13. öld er aðeins getið um siglingar á tíu hafnir, Vestmannaeyjar, Eyrar (Eyrarbakka), Hvítá í



Borgarfirði, Dögurðarnes á Fellsströnd, Dýrafjörð, Borðeyri, Kolbeinsárós í Skagafirði, Gása í Eyjafirði, Melrakka-sléttu (líklega Hraunhöfn) og ónefnda höfn á Austfjörðum (líklega Gautavík). Algengt virðist hafa verið framan af öldum að kaupmenn kæmu til landsins á vormánuðum en sigldu aftur utan næsta ár. Þetta breyttist þegar stundir liðu fram og Íslandsverslunin var komin í hendur erlendra kaupmanna. Á

sautjándu öld og síðar komu Íslandskaupmenn til landsins síðari hluta maímánuðar eða í júnímánuði en létu aftur í haf í ágústmánuði eða í fyrri hluta septembermánuðar. Opinber afskipti af versluninni voru fremur lítil á svonefndri Þjóðveldisöld (um 930–um 1262). Þó var goðum heimilt að ákveða vöruverð og gerðu þeir stundum svo, einnig var lögfest mælistika mörkuð á kirkjuvegg á Þingvöllum.

2. Norska öldin

Noregur var aðalviðskiptalandið á þjóðveldisöld og fram um 1400. Ólafur kyrri Noregskonungur stofnaði til kaupstaðar í Björgvin um 1075. Þar myndaðist fljótlega vísir að verslunarstétt og varð bærinn miðstöð Íslandsverslunarinnar í nokkrar aldir. Talið er að fæstir þessara kaupmanna hafi verslað fyrir eigin reikning, heldur hafi þeir verslað í umboði höfðingja og ef til vill kirkjunnar. Þessir aðilar höfðu yfir meira fjármagni að ráða en Íslendingar og gátu tekið á sig þá áhættu sem fylgdi úthafssiglingum.



Gömul mynd frá Björgvin í Noregi

Verslunin var einnig aðalatvinna þessara kaupmanna. Noregur var auðugur af timbri til skipasmíða en það skorti að mestu á Íslandi. Afleiðing þessa varð sú að Íslandsverslunin komst í hendur Björgvinjarkaupmanna um 1100. Mælt er að 35 skip hafi komið til Íslands árið 1118 en árið 1262 var aðeins gert ráð fyrir því að sex skip þyrftu að sigla til landsins ár hvert. Vörumagn í inn- og útflutningi hefur því ekki verið mikið. Helstu útflutningsvörur voru vaðmál, vararfeldir og skinn en á 13. öld var einnig flutt nokkuð út af brennisteini og fálkum.

Fálkana notuðu höfðingjar til veiða en brennisteininir kunna menn að hafa notað til að gera herbrest sem hræddi hesta í orrustu en til álita kemur að kirkjan sem sóttist eftir þessari vöru hafi notað hann í helgileikjum til að gefa mönnum forsmekkin að þeim ilmi sem syndugum var búinn í öðrum heimi. Gerð gríska eldsins var gleymd á 13. öld og byssur höfðu þá ekki verið fundnar upp. Af innflutningsvörum má nefna mjöl, timbur, léreft, tjöru og vax.

2.1 Hansakaupmenn

Verslun í Evrópu jókst mikið í kjölfar krossferða og verslunarborgir efldust norðan Alpafjalla. Þær mynduðu samtök, til dæmis Rínarsambandið um 1250. Um svipað leyti hófst blómaskeið borga við Norðursjó og sunnanvert Eystrasalt. Þær mynduðu samtök um verslunarhagsmuni sína og gekk það síðar undir nafninu Hansasambandið. Lübeck og Hamborg voru völdugastar þessara borga. Hansakaupmenn settu á stofn útibú í nokkrum borgum, til dæmis í Björgvin. Þeir gátu selt allar framleiðsluvörur Norðmanna og birgt landið af þeim vörum sem það skorti. Noregskonungar veittu Hansakaupmönnum ýmis fríðindi á ofanverðri 13. öld og á 14. öld náðu þessir kaupmenn utanríkisverslun Noregs í sínar hendur. Þeir keyptu verulegt magn af íslenskum útflutnings-



Frá Lübeck

vörum í Björgvin og dreifðu þeim en sjálfir hófu þeir ekki siglingar til Íslands fyrr en um 1470. Hansakaupmenn sóttust ekki síst eftir lýsi og skreið og hækkuðu þessar útflutningsvörur því allmikið í verði. Eftirspurn þeirra olli því að sjávarafurðir urðu aðalútflutningsvörur Íslendinga um 1340. Áfram var þó flutt út mikið af landbúnað- arafurðum en þetta var breytilegt eftir landshlutum.

2.2 Búalög

Ónefnt er að um 1100 voru sett lög um viðskipti innanlands og hafa þau gengið undir nafninu Búalög. Ákvæðum þeirra mun hafa verið breytt af og til í aldanna rás en formið hélst öldum saman eða allt fram á 20. öld, verðlagsskrár eru arftakar Búalaga. Silfur, alin vaðmáls og kýrin voru í fyrstu grunneiningar í verðútreikningi þessum en síðar bættist fiskur við. Viðmiðun við silfur hverfur úr sögunni, líklega þegar silfurmagn það sem var tiltækt um landnám gengur til þurrðar. Vaðmál leysti silfur af hólmi sem aðalgjaldmiðil á 11. öld. Um 1200 var kýrin metin á 120 álnir vaðmáls (stórt hundrað) og hélst það hlutfall öldum saman. Kýrin var síðar metin á 240 gilda fiska og hélst það einnig í aldir.

2.3 Hnignun Björgvinjar

Ísland gekk undir Noregskonung á árunum 1262–1264. Noregskonungar reyndu að efla kaupstaðinn í Björgvin og veittu kaupmönnum þar einkaleyfi til siglinga um allt ríkið, Ísland meðtalið. Réttindi þessi eru fyrst nefnd í réttarbót frá árinu 1361 en þau kunna að hafa komist fyrr á. Ráðstöfunin hefur væntanlega verið konungi hagkvæm, hann hafði betri aðstöðu til að hafa eftirlit með Íslandsversluninni og til að innheimta tekjur af henni. Þær voru sérstakur skattur sem nam 5% af andvirði farma og nefndist sekkjagjöld. Einokun Björgvinjarkaupmanna (einokunarverslun fyrri) var ekki hagkvæm Íslendingum. Björgvinjarkaupmenn áttu í erfiðleikum með að byrgja landið nauðsynjum og einkaleyfi þeirra gaf þeim tækifæri til að hafa veruleg áhrif á verðlag. Björgvin hnignaði mikið á síðari hluta 14. aldar og öndverðri 15. öld. Svartidauði herjaði á borgina og olli miklum usla 1349 en atvinnulíf þar náði sér á næstu áratugum og siglingar til Íslands héldust. Þýskir víkingar hertóku Björvin á árunum 1428–1429 og unnu þar mikil hervirki. Íslandsverslun Norðmanna lagðist af fyrir fullt og allt eftir þann atburð. Þá hafði raunar veruleg breyting átt sér stað á utanríkisverslun Íslendinga.

3. Enska öldin

Íslenskar heimildir geta fyrst um ensk skip við landið árið 1412 en sigling Englendinga til landsins kann að hafa hafist litlu fyrr. Englendingar höfðu þá um hríð siglt til Björgvinjar og hafa vafalítið fræðst þar um útflutningsvörur Íslendinga. Víst er



Enskt skip frá miðöldum.

að siglingar Englendinga til landsins jukust hratt. Þessi verslun virðist hafa verið Íslendingum hagkvæm en þeir ömuðust á hinn bóginn við fiskveiðum Englendinga. Sá ágreiningur mun hafa leyst á þann hátt að ensku fiskiskipin fluttu út hingað varning sem látinn var í skiptum fyrir skreið, en fiskuðu síðan við landið. Konungur tók verslunina óstinnt upp enda mun hann hafa tapað tekjum af henni af þessum sökum. Hann gerði því ýmist að heimila eða banna Englendingum að versla á Íslandi. Bönnunum fylgdu oft óeirðir enda snérust Englendingar til

varnar. Alvarlegustu átökin urðu á árunum 1467–1469. Englendingar drápu Björn hirðstjóra Þorleifsson í Rifi árið 1467 og fylgdi styrjaldarástand milli Dana og Englendinga í kjölfarið. Tekið skal fram til skýringar að Ísland, Danmörk og Noregur höfðu lotið einum og sama konungi frá árinu 1380. Sá konungur mun hafa setið í Danmörku frá árinu 1387 að minnsta kosti, fyrst í Hróarskeldu en frá og með árinu 1443 í Kaupmannahöfn.

3.1 Samkeppni um Íslandsverslun

Í átökunum 1467–1469 tók Danakonungur að efla Hansakaupmenn til Íslandssiglinga. Getið er um þýskt skip í Hafnarfirði 1471. Innbyrðis samkeppni Hansaborganna dró úr umsvifum fyrstu þrjá áratuginna enda urðu skip annarra félaga sambandsins en miðstöðvarinnar í Björgvin að sigla um England að því er virðist, en þar höfðu helstu keppinautarnir miðstöð. Englendingar virðast hafa ætlað að kveða siglingar þýskra kaupmanna frá Björgvin niður þegar í upphafi og beittu þá stundum vopnavaldi. Íslendingar fylgdu að því er virðist verslunarfrelsi. Árið 1490 var dæmt á Alþingi í viðurvist Diðriks Þinings hirðstjóra að enskum kaupmönnum og þýskum skyldi heimilt að sigla til Íslands með réttan kaupskap og falslausan (falslausan = ekki viðhöfð svik) enda haldi þeir frið sín á milli. Danakonungur veitti þetta sama ár Hollendingum heimild til að versla hér á landi. Samkeppnin hélst þó og stundum brutust út vopnuð átök. Þau náðu hámarki í svonefndu Grindavíkurstríði árið 1532. Þar unnu Þjóðverjar sigur með tilstyrk Dana og Íslendinga. Upp frá því tók að draga úr verslun Englendinga en Þjóðverjar færðust í aukana og urðu nær



einráðir um hríð. Hansakaupmenn keyptu hér fjölbreyttari vörur en Englendingar, til dæmis vaðmál, refaskinn, fjaðrir, rafabelti og skötubörð auk skreiðar og mun þetta hafa mælst vel fyrir. Þeir voru fyrst og fremst kaupmenn og má því ætla að þeir hafi kunnað betur að umgangast viðskiptavinum en fiskimennirnir ensku.

3.2 Skreiðin vinsæl

Af framanskráðu má ráða að Englendingar sættu sig ekki við að kaupa norska og íslenska skreið af Hansakaupmönnum, þeir tóku að sækja á Íslandsmið um 1400 en keyptu jafnframt þá skreið af landsmönnum sem þeir gátu fengið og kepptu við Norðmenn í fyrstu og síðar við Hansakaupmenn um þessa vörutegund. Samkeppnin olli stórhækkun á skreiðarverði. Útflutningsskreið hækkaði um 286% á tímabilinu 1200–1550, einkum á síðari hluta þess, en verðhækkun á innanlandsmarkaði varð 25–67%. Mismunurinn mun aðallega eiga rætur að rekja til þess að innanlandsverslunin var að langmestu leyti vöruskiptaverslun. Einnig er vitað að ýmsar innfluttar vörur lækkuðu í verði á 15. öld. Verslunin mun því hafa verið landsmönnum hagkvæm á 15. öld og fram á þá 16. Viðurnefnið hinn ríki varð þá allalengt en þetta má einnig rekja til áhrifa frá drepsóttum, til dæmis svartadauða 1402–1404.



4. Þýska öldin

Borgir voru farnar að eflast í Danmörku á fyrri hluta 16.aldar og þar var vísir að verslunarstétt. Konungur vildi hlúa að henni og seldi því bæjarstjórn Kaupmannahafnar Íslandsverslunina á leigu til tíu ára árið 1547. Verslunarleyfi var þó ekki tekið af kaup-



mönnum annarra þjóða og notfærðu Hansakaupmenn sér það. Þeim tókst að tryggja sér áframhaldandi verslun á Íslandi enda kom í ljós að bæjarstjórnin hafði ekki bolmagn til að sinna verkefninu svo viðhlítandi væri. Konungur afturkallaði þá leigusamninginn en lét bæjarstjórnina þó halda Vestmannaeyjaverslun til 1557 og tók hana síðan í eigin hendur. Hést sú skipan út einokunartímabilið. Samkeppni var minni á síðari hluta 16. aldar en verið hafði á 15. öld og fram yfir 1500. Verslunarkjör fóru versnandi, kornvara hækkaði verulega í verði en verð á útflutningsvörum landsmanna stóð á hinn bóginn í stað í besta falli. Líkur benda til að hagnaður hinna erlendu kaupmanna hafi aukist þegar samkeppnin minnkaði. Þessu til stuðnings skal bent á að konungur seldi árið 1589 skreiðarlest á 56 ríkisdali en hafði gefið 35 ríkisdali fyrir hana.

Söluverðið er 60% hærra en kaupverðið en hagnaðurinn hefur verið minni, flutningskostnaður hefur verið nokkur og útgjöld vegna mannahalds einhver.

4.1 Verslun milli Evrópu og Ameríku

Columbus fann Ameríku árið 1492 og sex árum síðar sigldi Vasco da Gama skipi sínu fyrir Góðrarvonarhöfða og til Indlands. Úthafssiglingar jukust í kjölfar þessara viðburða og vörur sem áður höfðu borist landveg til Miðjarðarhafs og þaðan um Ítalíu og vatnaleiðir til Þýskalands voru nú fluttar með skipum fyrir Góðrarvonarhöfða eða frá Ameríku. Við þetta eflidist verslun á Englandi og Hollandi en verslun Hansaborga hnignaði enda lágu þær verr við úthafssiglingum en borgir í fyrrnefndum löndum.

Þetta notfærðu Danakonungar sér til að hrista verslunareinokun Hansakaupmanna af ríki sínu. Danakonungar reyndust einnig hafa bolmagn til að úthluta Hansakaupmönnum verslun á ákveðnum höfnum hér og að sjálfsögðu gegn gjaldi. Leigutíminn var stuttur og sérhverjum kaupmanni var einungis heimilt að versla á tiltekinni



Gamalt kort af siglingarleiðum á Atlandshafi.

höfn. Konungur hóf einnig að leigja dönskum kaupmönnum hafnir á Íslandi enda efldist verslunarstéttin verulega í Danmörku á síðari hluta 16. aldar.

4.2 Kaupskaparstefna

Ný hagspeki fylgdi í kjölfarið. Verslunarborgirnar á Ítalíu og Hansaborgirnar voru flestar sjálfstæð borgríki og lutu eigin hagstjórn. Velmegun borgríkisins grundvallaðist á því að hæfilega margir iðnaðar- og verslunarmenn byggju í borginni og hefðu nauðsynlegan aðgang að hráefnum og fjármagni. Iðnaðar- og verslunarmenn voru í sérstökum félögum, svonefndum gildum, sem komu í veg fyrir óheppilega samkeppni milli félagsmanna og sáu til þess að fjöldi starfsmanna innan hverrar starfsgreinar væri innan æskilegra takmarka. Hinar vaxandi verslunarborgir á Englandi og Norðurlöndum voru ekki sjálfstæðar, þær voru hluti ríkisheildar. Þar kom í hlut konungsins að gæta hags þeirra. Konungar á Norðurlöndum (og í Frakklandi) komu í veg fyrir óheppilega samkeppni og offramleiðslu með því að binda framtak við útgáfu einkaleyfa (privilegia) en verslun skyldi hagað svo að hún skilaði sem mestum arði og góðmálmar söfnuðust fyrir í ríkinu. Hinar borgaralegu atvinnugreinar, iðnaður og verslun, voru þjóðhöfðingjum mjög hugleiknar og hlúðu þeir að þeim eftir megni. Stefna þessi nefnist kaupskaparstefna (merkantilismi). Hún er oftast kennd við franska stjórnáráðgjafann J. B. Colbert (1619–1683) en flest megineinkenni stefnunnar voru þó komin fram fyrir hans dag.

Kaupskaparstefnan hlaut að reynast óhagkvæm Íslendingum enda var hvorki iðnaður né verslun stunduð í landinu svo nokkru næmi um 1600 og lengi síðan.

Kristján IV. Danakonungur (1588–1648) var hlynntur kaupskaparstefnunni og reyndi að auka velmegun þegna sinna með einkaleyfum og stjórnarráðstöfunum. Hann veitti borgurum í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri einkaleyfi á Íslandsversluninni til 12 ára hinn 20. apríl árið 1602 og bannaði Hansakaupmönnum jafnframt alla verslun á Íslandi. Þessi ákvörðun var í góðu samræmi við kenningar talsmanna kaupskaparstefnunnar. Þrátt fyrir þetta héldu Hansakaupmenn áfram að sigla til Íslands til 1620 og bar þrennt til: þeir höfðu mikla reynslu af siglingum til Íslands og nægan skipakost og Hamborg var helsti markaðurinn fyrir framleiðsluvörur landsmanna. Dani skorti bæði reynslu og skipakost í fyrstu til að sinna verkefnum. Úr þessu hafði verið bætt árið 1620 og þá tóku Danir Íslandsverslunina að fullu í sínar hendur. Einokunartímabilið í íslenski verslunarsögu var hafið.



5. Einokunarverslunin

Fljótlega fór konungur að beita sér fyrir stofnun félaga um Íslandsverslunina og önnuðust þau hana með tveimur undantekningum allt þar til losað var um verslunarböndin árið 1787. Eftirtalin samtök og aðilar höfðu Íslandsverslunina með höndum 1602–1787:

Borgarar í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri	1602–1619
Elsta íslenska verslunarfélagið	1620–1662
Verslun aðalútgerðarmanna	1662–1683
Umdæmaverslunin	1684–1732
Félag lausakaupmanna	1733–1742
Hörmangarafélagið	1743–1758
Konungsverslunin fyrri	1759–1763
Almenna verslunarfélagið	1764–1773
Konungsverslunin síðari	1774–1787

Klögumál tóku að ganga á víxl fljótlega eftir að einokunarverslunin komst á og ekki mun hafa bætt úr skák að harðindi voru í landinu á fyrstu tugum 17. aldar. Búfjárnfellir var því mikill og innlegg í verslanir því í minna lagi. Klögumálin héldu raunar áfram þó að harðindum væri ekki fyrir að fara. Íslendingar kvörtuðu um að hinir dönsku kaupmenn flyttu inn lélega vöru og ónóga, kaupmenn sigldu ekki á allar tilskildar hafnir og þeir væru harðir skuldheimtumenn. Kaupmenn báru Íslendingum á brýn að þeir vönduðu ekki vörur sínar, væru skuldseigir og stunduðu launverslun. Ekki dró það úr óánægjunni að innflutt vara hækkaði í verði á fyrstu tugum 17. aldar. Konungur brást við henni með því að ákveða verð á útflutningsvörum Íslendinga og flestum helstu nauðsynjavörum í innflutningi árið 1619. Hét þetta að setja taxa og réðu taxtar síðan vöruverði allt til ársins 1787. Verslunartaxtinn var að vísu endurskoðaður 1684, 1702 og 1776 og hélst vöruverð því óbreytt áratugum saman. Íslendingar voru fylgjandi verðlagsákvörðunum þessum. Þær tryggðu þeim ýmsar nauðsynjar við

lágu verði enda töpuðu kaupmenn oft á verslun með þær. Verðlagsákvæðin héldu einnig niðri verði á útflutningsvörum landsmanna, einkum á sjávarafurðum, kaupmenn fengu þessar vörur hér við mun lægra verði en þeir fengu fyrir þær ytra. Þetta ásamt hagnaði af verslun með munaðarvörur sem voru utan taxa bætti upp hallann af sölu innfluttrar nauðsynjavöru.



5.1 Verslunarhafnir

Taxtinn frá 1619 geymdi tvö nýmæli. Mönnum sem versluðu fyrir andvirði kýrverðs eða hærrí upphæð var tryggður verulegur magnafsláttur og innflutt vara var verðlögð hærra ef hún var greidd með landbúnaðarafurðum en ef hún var greidd með lýsi eða skreið. Afleiðing þessa varð sú að farið var að skipta verslunarhöfnunum í tvo flokka, fiskihafnir og sláturhafnir, og urðu þær fyrrnefndu eftirsóttari. Fyrrnefnda nýmælið var afnumið árið 1658 og að ósk kaupmanna. Árið 1684 hófst umdæmaverslunin svonefnda. Raunar mun fyrr hafa verið haft fyrir satt að ákveðið svæði fylgdi hverri höfn en mönnum þar búsettum var þó leyfilegt að versla á öðrum höfnum. Með umdæmaversluninni var mönnum bannað að versla utan síns kaupsvæðis og harðar refsingar lagðar við brotum gegn þessu ákvæði. Þetta reyndist óheppilegt. Aðeins einn kaupmaður var á hverri höfn og öll samkeppni því útilokuð. Einnig voru takmörk kaupsvæðanna óhagkvæm landsmönnum allvíða. Mjög var dregið úr refsingum fyrir að versla utan síns kaupsvæðis árið 1702 og aftur árið 1733. Kaupsvæðin héldust þó enda var því borið við að þau auðvelduðu kaupmönnum að áætla hve mikið af vöru þeir þyrftu að flytja til landsins ár hvert og má það ef til vill til sanns vegar færa. Kaupsvæðaskiptingin átti einnig að girða fyrir að viðskiptavinir gætu hlaupist frá verslunarskuldum sínum.

5.2 Eftirmæli einokunarverslunar

Einokunarverslunin var barn alþjóðlegrar hugmyndafræði. Hún hefur hlotið ill eftirmæli, einkum umdæmaverslunin og verslun Hörmangara og Almenna verslunarfélagsins. Hörmangarar fluttu inn of lítið af vöru á miklu harðindatímabili og Almenna verslunarfélagið skemmt korn árið 1768. Hið síðarnefnda varð að greiða landsmönnum væna fúlgú í skaðabætur og var myndaður sjóður af, Mjölbótasjóður, sem síðar rann til landssjóðs. Annars stórjók félagið þjónustu við landsmenn frá því sem verið hafði með því að hafa verslanir opnar árið um kring og að kenna verkun saltfisks með svonefndri Nýfundnalandsaðferð.

Raunar munu kaupmenn hafa haft vetrarmenn (eftirlegumenn) á nokkrum höfnum af og til fram á 18. öld. Þetta var bannað árið 1706 enda óttuðust bændur að eftirlegumenn hæfu útgerð og lokkuðu háseta frá bændum. Dæmi finnast þó um eftirlegumenn fram um 1720 og síðan ekki fyrr en á dögum Konungsverslunarinnar fyrri. Einn kaupmaður hafði hér vetursetu fyrir



1760 og annar bættist við árið 1761. Þessir kaupmenn sátu í Reykjavík (Markús Pahl) og á Grundarfirði. Stjórn Almenna verslunarfélagsins ákvað árið 1765 að kaupmenn skyldu hafa vetursetu á Vestfjarðahöfnum og á Eyrarbakka og síðan yrði fleirum bætt við eftir þörfum.

5.3 Tillaga felld um íslenskt verslunarfélag

Fram hefur komið að verulegrar og stöðugar óánægju gætti með verslunarkjör á einokunartímabilinu. Ekki föluðust landsmenn þó eftir þátttöku í versluninni lengi vel og hafa þeir væntanlega ekki talið sig í stakk búna til slíks. Þetta kom fram árið 1670 en þá bauð konungur landsmönnum upp á slík býti. Undirtektir voru litlar, prestar treystu sér til dæmis ekki til að taka tilboðinu vegna fátæktar. Meiri stórhugar gætti um miðbik 18. aldar. Skúli landfógeti Magnússon notaði til dæmis tækifærið þegar Hörmangarafélagið varð að segja sig frá versluninni og lagði tillögur um nýtt verslunarfyrirkomulag fyrir áhrifamenn á Alþingi 1757. Þar var kosin nefnd sem taka skyldi afstöðu til tillagnanna og samþykkti hún á ráðstefnu í Viðey þá um haustið að þær skyldu lagðar fyrir stjórnvöld. Samkvæmt tillögum þessum skyldi stofnað verslunarfélag með þátttöku landsmanna og fengi það einkaleyfi til verslunar á Íslandi um nokkurt árabíl. Nauðsynlegs fjármagns skyldi aflað á þann hátt að jarðeigendur á Íslandi legðu jarðir sínar að veði fyrir 150.000 ríkisdala láni hjá Kaupmannahafnarbanka en matsverð jarðanna væri um 200.000 ríkisdalir. Lánið skyldi bera 5% ársvexti og lánstíminn vera fimm ár. Landfógeti taldi þá skorta 50.000 ríkisdali sem unnt yrði að fá að láni hjá erlendum aðila sem jafnframt hefði forstöðu verslunarinnar á hendi ásamt Íslendingum. Tillögur þessar náðu ekki fram að ganga og einkum vegna þess að helsti stuðningsaðili Íslendinga í Danmörku (Thott greifi) taldi þá ekki hafa bolmagn til að ráðast í jafnstórt fyrirtæki.

5.4 Lögmál framboðs og eftirspurnar

Verslunarkjör þóttu einna best þegar konungur verslaði hér fyrir eiginn reikning. Konungsverslunin síðari starfaði á árunum 1774–1787 svo sem fram hefur komið. Hún var rekin með verulegum hagnaði 1774–1781 og átti það ekki síst rætur að rekja til Frelsisstríðs Bandaríkjanna. Danir voru hlutlausir í því stríði og dönsk skip fluttu varning á milli landa og Danir ráku mikla verslun. Markaður fyrir íslenskar vörur var góður og verð þeirra hátt. Verðfall fylgdi í kjölfar friðarsamninganna og ýmiss fyrirtæki í Danmörku sem stofnuð höfðu verið á stríðsárunum lentu í kröggum. Verulegt tap varð á Íslandsversluninni 1784–1785 eða um 180.000 ríkisdalir og á það bæði rætur að rekja til versnandi viðskiptakjara erlendis og móðuharðindanna. Þetta sannfærði stjórnvöld um að hin algjöra einokun hafði gengið sér til húðar sem verslunarform. Ný hugmyndafræði var einnig að ryðja sér til rúms í Danmörku, frjálshygga sem kennd er við Skotann Adam Smith. Hann hélt því fram að aukin verkaskipting og bætt tækni dragi úr vinnuframlagi til hinnar fullunnu vöru sem lækkaði í verði af þessum sökum. Verðlækkunin yki eftirspurn og framleiðslu sem leiddi af sér aukna velmegun fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild. Lögmál framboðs og eftirspurnar skyldi stjórna hagkerfinu. Hagkvæmast væri sérhverri þjóð að leggja áherslu á framleiðslu þeirrar vöru sem þar væri unnt að framleiða ódýrt en flytja aðrar inn. Ríkinu bar að stuðla að framgangi þessara hugmynda með því að afnema hindranir, til dæmis á verslunarsviðinu. Hvatning til framtaks skyldi koma í staðinn fyrir veitingu einkaleyfa.



Adam Smith.

6. Fríhöndlunin

Hinn 2. febrúar 1785 var skipuð nefnd sem gera skyldi tillögur um málefni Íslands, Landsnefndin síðari. Nefndarmenn voru sammála um að afnema skyldi einokunarverslunina. Raunar töldu Íslendingarnir í nefndinni (Jón Eiríksson og Þorkell Fjeldsted) heppilegast að konungur annaðist Íslandsverslunina á meðan landið væri að ná sér eftir móðuharðindin en ekki var léð máls á slíku vegna taprekstursins. Sumir Dananna í nefndinni vildu afnema einokunina að fullu og öllu, til dæmis C. U. D. Eggers, ritari hennar, en aðrir dönsku fulltrúanna lögðust gegn þessu. Talið hefur verið að þeir hafi óttast að Danir misstu Íslandsverslunina alveg úr höndum sér ef svo langt væri gengið. Samkomulag varð um að öllum þegnum Danakonungs sem ekki bjuggu sjálfir við einokun skyldi heimilt að versla á Íslandi, Íslendingar sjálfir meðtaldir. Þetta var staðfest með útgáfu Auglýsingar um lausn hinnar íslensku kauphöndlunar hinn 18. ágúst 1786. Nokkru síðar (17. nóvember 1786) var gefin út Tilskipun um einkaleyfi kaupstaðanna en kaupstaðir höfðu ekki áður þekkt á Íslandi.

6.1 Kaupstaðir stofnaðir

Með auglýsingunni var öllum þegnum Danakonungs nema íbúum Finnmerkur, Færeyja og Grænlands heimilað að versla á Íslandi og taxtinn frá 1776 var afnuminn. Sex kaupstaðir voru stofnaðir, Reykjavík, Grundarfjörður, Ísafjörður, Akureyri,



Hafnarfjörður

Eskifjörður og Vestmannaeyjar, og voru leyfi til að stunda verslun (og iðnað) bundin við borgararéttindi í einhverjum þeirra. Úthafnir fylgdu kaupstöðum og var borgurum í viðkomandi kaupstað heimilt að reka þar verslun. Kaupsvæði Reykjavíkur var til dæmis svæðið frá Selvogi að Hvítá í Borgarfirði og þar voru úthafnirnar Hafnarfjörður, Keflavík, Básendar og Grindavík. Stjórnvöld reyndu að laða iðnaðar- og verslunarmenn

til að setjast að í kaupstöðunum og hét þeim ókeypis borgararéttindum og lóð, byggingarstyrk og skattfríðindum.

Konungur átti verslunarhúsnæðið á hinum fornu verslunarstöðvum og bauð það til sölu þegar einokunarverslunin hætti. Flestir kaupendur voru fyrrverandi verslunarstjórar Konungsverslunarinnar síðari. Þeir fengu eignirnar keyptar við þokkalegum kjörum og hófu síðan að versla fyrir eigin reikning á verslunarstöðum þessum. Kaupmenn þessir hafa verið kallaðir fastakaupmenn. Þeir voru einir um hituna í sumum landshlutum og þar festust eldri verslunarhættir í sessi. Íbúar þeirra svæða nutu ekki þeirra kjarabóta í verslun sem mátt hefði vænta við afnám einokunarinnar. Staða fastakaupmanna var víða sterk á þessum svæðum. Þeir áttu legufæri á höfn verslunarstaðarins og margir viðskiptavinir þeirra skulduðu þeim fé og gátu því ekki

snúið sér til annarra kaupmanna. Verslunarhættir einokunarverslunarinnar héldu velli á þessum svæðum. Kaupmennirnir þar sátu margir ytra eftir að kom fram á 19. öld og létu verslunarstjóra (faktora) annast reksturinn á Íslandi (selstöðuverslun). Aðrir landshlutar voru betur settir hvað þetta varðar (þó hvergi nærri lausir við selstöðuna), einkum þeir sem höfðu upp á sjávarafurðir að bjóða (í fyrstu kaupsvæði Reykjavíkur, Grundarfjarðar og Ísafjarðar og síðar einnig kaupsvæði Akureyrar að hluta). Þangað sóttu oft aðrir kaupmenn en þeir sem keypt höfðu eignir Konungsverslunarinnar. Þeir sigldu hingað með vörur árlega, fengu árituð skjöl sín og borgararéttindi í einhverjum kaupstaðanna og máttu eftir það versla hvar sem var á kaupsvæði hans. Þessir kaupmenn nefndust lausakaupmenn. Þeir áttu í samkeppni við fastakaupmenn og kom hún viðskiptavinum til góða, heimildir sýna að fastakaupmenn lækkuðu stundum innflutta vöru og hækkuðu innlenda vöru í verði ef sást til lausakaupmanns á leið til viðkomandi hafnar. Einnig er ljóst að sumir Íslendingar gengu í þjónustu lausakaupmanna, geymdu fyrir þá vöru yfir vetrartímann og lærðu til verslunarreksturs af þeim. Lausakaupmenn sigldu utan hvert haust.

6.2 Konungur hafnar bænaskrá

Íslendingar urðu fyrir vonbrigðum með Auglýsinguna um lausn hinnar íslensku kauphöndlunar. Þeir fóru árið 1795 fram á að verslun við Ísland yrði gefin frjáls öllum þjóðum. Kaupmenn sýndu rangsleitni í viðskiptum og hefðu ekki bolmagn til að reka hér verslun á þann hátt sem nauðsyn krefði, innflutningur væri ónógur, innflutt vara stundum gölluð og of lítið væri um peninga. Auglýsingin frá 1786 hefði ekki náð tilgangi sínum. Þetta kemur fram í Almennu bænarskránni svonefndu en hún var gerð árið 1795 að frumkvæði þeirra frænda Magnúsar Stephensens dómstjóra og Stefáns amtmanns Þórarinssonar. Kaupmenn mótmæltu ásökununum og bentu á að þeir ættu á hættu að tapa eignum sínum ef Íslendingar yrðu bænheyrðir. Þessi rök náðu eyrum stjórnarinnar sem átti mikið fé hjá fastakaupmönnum, andvirði verslunarhúsa og fleira. Fór því svo að bón Íslendinga var hafnað árið 1797 og forustumönnum þeirra veitt harðorð áminning. Tekið skal fram að þeir höfðu ekki skafið utan af ávirðingum kaupmanna í Almennu bænarskránni, einkum hafði Stefán Þórarinsson verið harðorður. Fastakaupmenn áttu einnig í deilum við lausakaupmenn sem rufu skarð í einokunaraðstöðu hinna fyrrnefndu. Þeim tókst árið 1792 að fá stjórnina til að banna lausakaupmönnum að versla utan hinna fornu verslunarhafna og fóru árið 1820 fram á að þeim yrði bannað að sigla til landsins enda væri verslun þeirra óþörf. Stjórnin hafnaði þessum tilmælum og árið 1836 var lausakaupmönnum heimilað að sigla til hvaða verslunarstaðar sem var og versla þar. Tuttugu árum fyrr var kaupmönnum á Íslandi heimilað að sigla með vörur beint til útlanda og flytja inn vörur með sama hætti. Áður urðu slík viðskipti að fara fram með milligöngu danskra stórkaupmanna eða í félagi við þá.



Fríðrik VI Danakonungur.

Sigling til landsins jókst mikið fyrstu árin eftir að losað var um einokunarfjötrana. Útflutningsvörur stórhækkuðu í verði, fiskafurðir jafnvel um allt að 300%. Landbúnaðarafurðir hækkuðu minna en þó um allt að 100%. Innflutt vara hækkaði einnig en minna. Innflutningur varð til muna fjölbreyttari en áður hafði þekkt. Talsvert dró úr siglingu til landsins laust fyrir 1800 og hefur þetta verið rakið til þess árangurs sem fastakaupmenn náðu í átökunum við lausakaupmenn 1792 og þeirrar staðreyndar að vöruframboð hér annaði ekki hinni stórauðnu eftirspurn. Mikill kyrkingur var í allri verslun á fyrstu tugum 19. aldar og hefur hann verið rakinn til Napóleonsstyrjaldanna og afleiðingar þeirra. Á þeim árum hófu Englendingar þó að versla í Reykjavík og ráku þar verslun í nokkra áratugi. Sigling jókst mikið á tímabilinu 1820–1855. Þá taka sumir lausakaupmenn að leggja skipum sínum inn á firði og versla á skipsfjöli (spekúlantar). Tíðkaðist þetta nokkuð fram um 1900.

6.3 Íslendingar hefja verslunarrekstur

Nokkrir Íslendingar hófu verslunarrekstur þegar losað var um verslunarböndin eða skömmu síðar. Þeim fjölgaði smám saman, einkum um landið vestanvert. Athyglisvert er að nokkrir þessara Íslendinga urðu brautryðjendur um nýjungar í öðrum atvinnuvegum, einkum í útgerð. Verulegur meirihluti kaupmanna um 1855 var þó erlendur en allmargir þeirra settust að hér og afkomendur þeirra einnig. Enn er miðað við vesturhluta landsins og kaupmenn í smásölu. Hálf öld átti eftir að líða áður en heildsalan (stórsalan) hóf að flytjast inn í landið.

Innanlandsverslunin var í svipuðu horfi fram um 1855 og verið hafði öldum saman. Mikil vöruskipti áttu sér stað milli bænda í landbúnaðarhéruðum og útvegsbænda í verstöðvum, skreiðarlestir gengu frá verstöðvunum til landbúnaðarhéraða á vorin og guldu bændur fyrir með feitmeti og kjöti. Sumir keyptu ríflegt magn af munaðarvöru í búðum, ekki síst brennivíni, og seldu þetta með góðum hagnaði þegar tók að bera á skorti í næsta verslunarstað. Nefndist þetta landaprang og hefur orðið lífseigt. Aðrir fóru um sveitir og falbuðu ýmislegt smávegis, skartgripir og jafnvel bækur.

6.4 Hann fylkti liðinu

Á 5. tug 19. aldar var foringjaefni að kveðja sér hljóðs meðal Íslendinga, Jón Sigurðsson forseti. Hann bjó í Kaupmannahöfn en var í bréfasambandi við fjölmarga menn um allt land og hvatti þá óspart til að gera samþykktir um framfaramál landsmanna og biðja um úrbætur. Þetta bar árangur. Alþingi var endurreist árið 1845 og átti Jón þar sæti sem þingmaður Ísafjarðarsýslu. Þessu fyrsta þingi bárust 27 bænarskrár um verslunarfrelsi úr 15 sýslum með 2.236 nöfnum. Einungis fjórar sýslur sendu ekki inn bænarskrár um þetta efni árið 1845. Landsmenn voru þá rúmlega 59.000 talsins og sýnir þátttakan að landsmenn töldu hér hreyft mjög mikilvægu máli. Jón forseti hafði að auki með sér bænarskrá frá Kaupmannahöfn. Undir henni stóðu 17 nöfn og þar voru alþingismenn beðnir að reyna að fá því framgegn „að Ísland nái fullu verslunarfrelsi“. Það tókst ekki í þetta skipti. Baráttunni var haldið áfram og áskorun á stjórnvöld um að innleiða verslunarfrelsi var samþykkt á fundum á Kollabúðum og Þórsnesi árið 1849 og á Þingvöllum árið 1851. Einnig lagði

Rosenörn stiftamtmaður málinu lið með langri greinargerð um verslunarmál á Íslandi sem hann sendi stjórnvöldum árið 1849. Alþingi sendi konungi frumvarp til laga um verslun og bar þetta þann árangur að stjórnin lagði lagafrumvarp um þetta efni fyrir þjóðfundinn 1851. Þing var yfirleitt einungis haldið annaðhvort ár frá 1845 og fram á 20. öld. Þjóðfundurinn ræddi frumvarp stjórnarinnar og gerði á því verulegar breytingar, lagði til dæmis til að kvaðir yrðu lagðar á dönsk skip sem kæmu til landsins. Frumvarpið hlaut ekki endanlega afgreiðslu enda var þjóðfundinum slitið áður en til þess kom.

7. Frjáls verslun 1855–1914

Danska stjórnin tók verslunarmálið upp nokkru eftir að Þjóðfundinum var slitið. Hún lagði málið fyrir danska ríkisþingið er samþykkti lög sem veittu Íslandi algert verslunarfrélsi frá og með 1. apríl 1855. Íslendingar lýstu yfir óánægju sinni með þessa málsmeðferð en töldu þó meira máli skipta að orðið hefði verið við óskum lands-



Frá Þjóðfundinum 1851.

manna um fullkomið verslunarfrélsi. Helstu breytingar voru þessar: Öllum innanríkiskaupmönnum skyldi framvegis heimilt að taka utanríkisskip á leigu til afnota fyrir verslanir sínar á Íslandi. Utanríkisskipum skyldi framvegis leyfilegt að sigla á hafnirnar Reykjavík, Vestmannaeyjar, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri og Eskifjörð og selja þar farm sinn og kaupa íslenskar vörur. Sérhverjum

kaupmanni skyldi framvegis heimilt að sigla til allra löggiltra verslunarstaða í landinu og versla þar en þó bar utanríkisskipum að koma fyrst á einhverja framan talinna hafna. Jón Sigurðsson taldi lög þessi í meginatriðum vera í samræmi við frumvarp Alþingis frá 1849 og Þjóðfundarins frá 1851. Af bréfum Jóns forseta til Jens bróður hans sést að Jón taldi verslunarfrélsið vera mjög mikilvægt. „aldrei fáum við pólitískt frélsi fyrr en verslanin hefir verið laus nokkur ár“, skrifar Jón hinn 10. október 1851. Og í júnímánuði 1852 (29. 6.) hefur forseti þetta að segja: „Ef verslunarfrélsi kæmist á, þá vildi eg helst komast heim og verða þar, því þá veit eg pólitískt frélsi kemur á eftir.“

7.1 Stofnun verslunarfélaga

Ekki fylgdi snögg breyting í kjölfar algers verslunarfrélsis, verslunarhættir breyttust lítið 1855–1880. Þátttaka Íslendinga jókst þó smám saman. Fleiri íslenskir kaupmenn komu fram á sjónarsviðið vestanlands en á Norðurlandi bundust menn samtökum til að hamla gegn selstöðuversluninni. Þetta voru ýmist hlutafélög eða pöntunarfélög framan af en síðar kaupfélög. Fyrst bundust menn samtökum um sölu afurða og innkaup hjá kaupmönnum. Samtök af því tagi voru stofnuð í Fnjóskadal árið 1844 og líklega að frumkvæði sr. Þorsteins Pálssonar á Hálsi. Fnjóskdælir voru vel í sveit settir mitt á milli Akureyrar og Húsavíkur og gátu teft kaupmönnum þar hvorum gegn öðrum um verslunarkjör ef svo má að orði kveða. Fleiri samtök af þessu tagi voru stofnuð næstu áratugi. Árið 1869 voru tvö merk verslunarsamtök stofnuð, Gránufélagið svonefnda og Félagsverslunin við Húnaflóa. Tildrögin að stofnun Gránufélagsins voru þau að Eyfirðingar mynduðu samtök um kaup á seglskipinu Emilie sem strandað hafði á Eyjafirði en var lítt skemmt. Fljótlega var farið að bollaleggja um að hefja kaupsiglingu fyrst skip væri fengið. Kaupmenn gerðu gys að þessu og kölluðu seglskipið Gránu. Félagsmenn gripu þessa nafngift á lofti og nefndu samtök

sín þessu nafni. Skipið sigldi með íslenskar vörur haustið 1870 og um veturinn tókst Tryggva Gunnarssyni, síðar bankastjóra, að kaupa erlendar vörur til að ferma skipið en kaupmenn reyndu að koma í veg fyrir að þetta tækist. Miðstöðin var á Akureyri.



Tryggvi Gunnarsson.

Félagið eflist á næstu árum og stofnaðar voru deildir um Norður- og Austurland, alls urðu félagsdeildirnar níu. Það skipti einkum við verslunarfélagið Petersen & Holme þar til það var leyst upp. Þá varð Fr. Holme einn eigandi verslunarfélagsins sem Gránufélagið skuldaði stórfé. Gránufélagið innheimti ekki vexti af skuldum viðskiptamanna sinna og greiddi þó 6–9% arð af hlutafé á 8. áratugnum. Fr. Holme krafðist þess þá að Gránufélagið veðsetti öll verslunarhús sín fyrir skuldinni og greiddi 5% vexti af henni og refsivexti ef afborganir drógust. Tímabilið 1880–1888 varð Gránufélaginu erfitt, til dæmis vegna harðinda, og fór svo að Fr. Holme náði tókum á félaginu og rak það til ársins 1912 en seldi það þá Sameinuðu íslensku versluninum. Félagsverslunin við Húnaflóa skiptist í þrjár deildir og náði félagssvæðið yfir Siglufjörð, Skagafjörð, Húnavatnssýslur, Strandasýslu, Mýrasýslu og hluta af Borgarfjarðar- og Dalasýslu. Félagsverslunin skipti við norsk verslunarfyrirtæki og hætti rekstri þegar slíkt fyrirtæki varð gjaldþrota árið 1877. Pétur Eggerz var framkvæmdastjóri Félagsverslunarinnar en miðstöð hennar var á Borðeyri.

7.2 Hagkvæm vöruskipti

Markmið þessara verslunarfélaga var að bjóða betri verslunarkjör en kaupmenn gerðu, hvort sem það var gert með söfnun vörupantana og loforðum um afurðir til endurgjalds eða með sölu hlutabréfa. Íslendingar höfðu því um 1880 nokkra reynslu af óformlegum verslunarsamtökum og hlutafélögum auk einstaklingsverslunar. Á síðari hluta 19. aldar tóku landsmenn að selja búfé á fæti úr landi, hross um 1850 og sauðfé fyrst árið 1866. Talið er að á 19. öld hafi samtals 62.398 hross verið flutt úr landi og seld fyrir samtals rúmlega þrjár milljónir króna. Útflutningur á sauðfé var lítill framman af en stórkjóst um 1880 og eftir það voru 10.000 til 60.000 kindur seldar úr landi árlega til ársins 1896.



Útskipun á sauðfé til Englands.

Verð var misjafnt, til dæmis 18–22 krónur hver kind á árunum 1872–1884 og 11 krónur á árinu 1885. Englendingar voru aðalkaupendur og greiddu fyrir búpeninginn með gulli. Þetta auðveldaði mönnum að losa sig við verslunarskuldir. Um 1880 hugkvæmdist mönnum að fá hluta þessarar útflutningsvöru greidda með vörum frá Englandi. Kaupendur höfðu ekki á móti þessu enda tryggði það sauðatökuskipunum farm til Íslands. Flutningskostnaður var því í lágmarki og hafði það veruleg áhrif á vöruverð. Stofnuð voru pöntunarfélög til að nýta þessa verslunarmöguleika betur og eru þau undanfarar kaupfélaganna. Fyrsta kaupfélagið, Kaupfélag Þingeyinga, var stofnað 20. febrúar 1882. Samvinnuhreyfingin varð að fjöldahreyfingu og voru á annan tug kaupfélaga stofnuð á síðustu tveimur tugum 19. aldar, flest á Norður- og

Austurlandi. Hreyfingin átti mikinn þátt í að útrýma selstöðuverzluninni í þessum landshlutum og raunar víðar, til dæmis á Suðurlandi. Þetta kann að skýra að hún var öflugust á Norðaustur- og Austurlandi meginhluta 19. aldar. Heildarsamtök kaupfélaganna, Samband íslenskra samvinnufélaga, voru stofnuð árið 1902.

7.3 Sérverslanir

Einkaframtakið lét einnig til sín taka. Veruleg breyting varð á verslunarháttum um 1880. Þá stofnaði Þorlákur Ó. Johnson verslun í Reykjavík en hann var menntaður í verslunarfræðum í Englandi. Hann brýndi kurteisi fyrir afgreiðslumönnum og að þeir þökkðu fyrir viðskiptin, var brautryðjandi um auglýsingar, gluggaskreytingar og þægindi í verslunum og reyndi að venja viðskiptavini af því að hanga tímunum saman við búðardiskinn án þess að versla. Sérverslanir tóku að ryðja sér til rúms á síðustu tugum 19. aldar, til dæmis bóka- og matvælabúðir. Stórar deildskiptar verslanir tóku til starfa í Reykjavík um eða fyrir aldamótin 1900, til dæmis Thomsens magasin, Edinborg og Brydesverslun. Þær lögðust af eða drógu saman seglin á öðrum tug 20. aldar. Innflutningur varð fjölbreyttari en áður hafði þekkt. Meira kvað að innflutningi vefnaðarvöru, byggingavöru og húsgagna á fyrsta tug 20. aldar en verið hafði um 1870, innflutningur kaffis hafði tvöfaldast og innflutningur sykurs fimmfaldast. Eitt árið var þess til dæmis getið að kandís hefði verið fluttur inn fyrir jafnháa upphæð og veitt var á fjárlögum til greiðslu á launum opinberra starfsmanna, viðhalds á húsum hins opinbera og siglinga og vegamála samtals. Innflutningur víns minnkaði aftur á móti um helming. Ferðamenn um 1910 sáu ástæðu til að taka fram að í Reykjavík fengjust flestar nauðsynlegar vörutegundir en úrval væri minna en í stórborgum. Vöruframboð hér á landi var mest í Reykjavík.

Smásöluverslunin komst að mestu leyti í hendur Íslendinga á tímabilinu 1870–1903. Árið 1873 voru fastar verslanir í landinu taldar vera 66 og áttu erlendir menn (flestir Danir) 36 þeirra. Skipakomur til landsins voru þá 157. Þremur áratugum síðar voru verslanirnar 282 og áttu erlendir menn aðeins 46 þeirra. Skipakomur voru þá 340. Heildverslunin var enn alfarið í höndum erlendra manna, einkum Dana og í mun minna mæli Englendinga. Fyrsta íslenska heildverslunin, Ó. Johnson & Kaaber, var stofnuð árið 1906. Fyrsti vísirinn að íslenskrri heildverslun er eldri, útibú frá G. G. & Hay sem Garðar Gíslason setti á stofn í Edinborg laust fyrir aldamótin 1900. Tvennt greiddi einkum götu íslenskrar heildverslunar á fyrstu tugum 20. aldar, stofnun Íslandsbanka árið 1904 og símasamband við útlönd sem komst á árið 1906.

Opinber afskipti af verslun voru miklu minni á tímabilinu 1855–1914 en síðar varð. Menn gátu hafið verslunarrekstur ef þeir voru handhafar borgarabréfs en þeim bar einnig að reka þessa verslun inni á löggilttri verslunarlóð. Verðlagsákvæði voru hverfandi, samkeppnin sá um slíkt,



Verslun í Reykjavík um aldamótin 1900.

samkeppni einkaaðila í Reykjavík og í nokkrum öðrum þéttbýlisstöðum. Úti á landi kepptu einkaaðilar og kaupfélög eftir að þau komust á legg. Sú samkeppni var hörð og endaði oft með því að annar aðilinn varð ráðandi. Þetta var þó eina samkeppnin sem íbúar á víðáttumiklum svæðum kynntust á 20. öld.

8. Opinber afskipti í algleymingi 1914–1960

Heimsstyrjöldin fyrri (1914–1918) hófst með því að Austurríki sagði Serbíu stríð á hendur hinn 28. júlí 1914. Þjóðverjar sögðu síðan Rússum stríð á hendur þremur dögum síðar og síðan drógust ríki Evrópu inn í hildarleikinn eitt af öðru. Hann



Hans Pedersen kaupmaður í Reykjavík í byrjun 20. aldar.

teygði arma sína til annarra heimsálfa, Bandaríkin hófu til dæmis þátttöku árið 1917. Í nokkra daga hafði legið í loftinu að til stórviðburða af þessu tagi hlyti að draga og hófu þá ríkin undirbúning til að mæta þeim. Alþingi kaus fimm manna nefnd hinn 29. júlí 1914 og skyldi hún leitast við að tryggja landinu birgðir matvæla og eldsneytis og nægan gjaldmiðil til kaupa á þessum nauðsynjum. Menn óttuðust eldsneytisskort meira en flest annað. Á næsta ári kaus Alþingi síðan svonefnda Velferðarnefnd en hún skyldi vera landsstjórninni til ráðuneytis við að tryggja landið gegn hættum af völdum stríðsins og firra

það skorti af þess völdum. Nefndin frá 1914 hafði þá lokið störfum. Velferðarnefndin var með í ráðum við samningu nýrra laga og reglugerða um ráðstafanir vegna stýrjaldarinnar, ákvað með Stjórnarráðinu hvað kaupa skyldi inn af vörum og fjallaði um tilboð heildsala í þær. Viðskiptasambönd höfðu einkum verið við Norðurlönd og Þýskaland en á þessu varð breyting, viðskiptasamböndin við Þýskaland rofnuðu alveg og að verulegu leyti við Norðurlönd. Í staðinn tókst að tengja viðskiptasambönd við aðila í Bandaríkjunum og Bretlandi. Ný nefnd, Endurskoðunarnefnd vörukaupa, var kosin í ágústlok 1915 og skyldi hún kanna hvernig vörubirgða hefði verið aflað, hve mikill hluti þeirra hefði selst og hvernig salan hefði dreifst um landið. Stjórnarráðið hafði látið sýslumenn kanna vörubirgðir í einstökum landshlutum enda var ætlunin að láta héruð sem bjuggu við vöruskort ganga fyrir um vöru sem keypt yrði frá Vesturheimi. Könnunin leiddi í ljós að meginhluti birgða hafði verið seldur sýslunefndum, hreppnefndum og bæjarfélögum, nokkuð höfðu kaupfélög keypt en kaupmenn höfðu fengið fremur lítið í sinn hlut. Þetta var upphaf hinnar svonefndu Landsverslunar en hún opnaði sérstaka skrifstofu hinn 1. maí árið 1917.

8.1 Landsverslunin

Landsverslunin átti að tryggja að nægar birgðir af nauðsynjum væru í landinu og að slíkar vörur væru seldar með hóflegri álagningu. Þetta var meðal annars gert með vöruskömmtnun. Árið 1917 var bannað að selja kornvöru, sykur og fleiri nauðsynjar nema gegn framvísun seðla sem Landsnefndin gaf út. Hún reyndi að skipta nauðsynjum á milli landshluta og einstaklinga og annaðist svonefnd Bjargráðanefnd þetta hlutverk í Reykjavík. Hún var kosin af bæjarstjórn. Landsnefndin varð fljótlega mjög

öflugt verslunarfyrirtæki, salan árið 1919 var um 20 milljónir króna sem var mjög mikið fé í þann tíð. Umsvifin minnkuðu á hinn bóginn hratt eftir að styrjöldinni lauk. Kaupmenn lögðust gegn starfsemi nefndarinnar og töldu réttara að verkefni hennar yrðu leyst með öðrum hætti. Stofnun Landsnefndarinnar átti rætur að rekja til styrjaldarinnar og var því eðlilegt að hún hætti störfum eftir lok heimsstyrjaldarinnar. Landsverslunin hætti störfum árið 1927 en hafði síðustu árin einkum verslað með olíu í frjálsri samkeppni.

8.2 Reykjavík styrkir stöðu sína

Heimsstyrjöldin fyrri hafði varanleg áhrif á verslunina á Íslandi. Reykjavík styrkti stöðu sína mjög sem verslunarmiðstöð. Árið 1913 fór um 25% alls inn- og útflutnings um bæinn en undir lok heimsstyrjaldarinnar fyrri fór um 70% allrar kaupsiglingar um Reykjavíkurhöfn, um 80% alls innflutnings og um 70% alls útflutnings miðað við verðmæti. Tilkoma hafnarmannvirkja í Reykjavík hefur vafalítið greitt fyrir þessari þróun. Hinar stóru deildaskiptu verslanir lögðu upp laupana og mun það að minnsta kosti að hluta til hafa átt rætur til þess að rekja að viðskiptasambönd rofnuðu í stríðinu. Dagvöruverslanir („kaupmaðurinn á horninu“ eða nýlenduvöruverslanir) og sérverslanir verða einar um hituna og hélst þetta svo fram um 1970. Raunar má einnig nefna einkasölur af ýmsu tagi og verður nú vikið að því atriði.

8.3 Ríkiseinkasala

Landsverslunin kom fyrstu ríkiseinkasölnni á fót, einkasölu á olíu og tóbaki, og starfaði hún til ársins 1925. Landsverslunin starfaði tveimur árum lengur eins og fram hefur komið. Einkasala á tóbaki var tekin upp á nýjan leik árið 1932 og sama ár hófst einkasala á eldspýtum. Þá hafði önnur einkasala starfað í áratug, einkasala á áfengi sem hófst árið 1922. Hún átti þá forsögu að áfengisbann var innleitt með þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1908 og tók það gildi að fullu í ársbyrjun 1915. Spánverjar keyptu mest-



Saltfiskvinnsla á vegum H.P. Duus í Reykjavík.

an hluta þess saltfisks sem Íslendingar fluttu út á þessum árum en hann var aðalútflutningsvara landsmanna. Þeir sögðu viðskiptasamningum við Ísland upp árið 1921 og hótuðu að endurnýja þá ekki nema Íslendingar heimiluðu innflutning léttra vína frá Spáni (minna en 21%). Íslendingar gengu að þessu árið 1922 og

hófst þá tímabil Spánarvína. Áfengisverslun ríkisins var stofnuð sama ár til að sjá um söluna. Innflutningsbanni á öðru áfengi að bjór undanskyldum var síðan aflétt árið 1935 og í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu. Loks var heimilað að flytja inn og selja bjór árið 1989. Ríkiseinkasala var enn á þessum vörutegundum í árslok 2003.

Einkasölur hafa verið fleiri. Á árunum 1934–1935 var stofnað til ríkiseinkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum, raflagnaefni, útvarpsviðtækjum, kartöflum og garðávöxtum. Vætanlega hafa þessar einkasölur verið stofnaðar með aukna tekjuöflun í huga en einnig má vera að þær hafi átt að hamla gegn útgjöldum enda þurftu kaupendur oft að ganga í gegnum nálarauga til að fá að kaupa vöruna. Líklegt er

einnig að hagsmunir landbúnaðarins hafi haft sitt að segja um stofnun einkasölu á kartöflum og grænmeti. Svipað mun hafa verið uppi á teningnum með stofnun Mjólkursamsölnunnar sem rak allmargar mjólkurbúðir í Reykjavík á árunum 1935–1980 en þá var loks heimilað að selja þessa vöru í dagvöruverslunum. Einkasölum tók að fækka á 6. tug 20. aldar og hefur sú þróun haldist þótt hægfara sé. Einkasala á bifreiðum og ýmsum raftækjum var lögð niður á 5. tug 20. aldar, einkasala útvarpstækja á árunum 1966–1967, einkasala á ilm- og hárvötnum árið 1970 og innflutningur á símabúnaði var gefinn frjálss árið 1980. Dregið var úr einkasölu á grænmeti og ávöxtum um 1960 (epli), einkum á tegundum sem ekki voru framleiddar á Íslandi. Stærri skref voru stigin síðar og í tengslum við milliríkjasamninga og verður getið síðar.

8.4 Kreppan

Einkasölum fjölgaði á fjórða tug tuttugustu aldar og á fjölgunin væntanlega að verulegu marki rætur að rekja til heimskreppunnar miklu. Hún hófst í Bandaríkjunum haustið 1929 og eru orsakir taldar vera offramleiðsla og of hátt verð á hlutabréfum. Misræmi myndaðist á milli verðs hlutabréfanna og þess arðs sem viðkomandi fyrirtæki (ekki síst iðnfyrirtæki) gáfu af sér. Áhrifa kreppunnar tók að gæta á Íslandi síðari hluta árs 1930. Íslendingar brugðust við þessu á árinu 1931 líkt og aðrar þjóðir, reynt var að draga úr innflutningi og utanríkisviðskipti urðu háð leyfum eða jafnvirðis kaupum. Gefin var út reglugerð um gjaldeyrisverslun hinn 2. október það ár. Með henni var tveimur bönkum, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, veitt



Skömmunarseðlar

einkaleyfi á gjaldeyrisversluninni og hverjum þeim sem átti eða eignaðist gjaldeyri gert skylt að afhenda bönkunum hann gegn skráðu kjörgengi. Jafnframt voru settar á stofn tvær nefndir, innflutningsnefnd og gjaldeyrisnefnd, og skyldi hin fyrrnefnda hafa eftirlit með innflutningi og hin síðarnefnda með úthlutun gjaldeyris. Nefndirnar voru sameinaðar í innflutnings- gjaldeyrisnefnd á árinu 1932. Hinn 23. október var gefin út reglugerð um takmörkun á óþörfum innflutningi og var hún byggð á lagaheimild frá 8. mars

1920. Ýmsir undruðust mat stjórnvalda á því hvaða vörur teldust óþarfar og bentu á að ríkissjóður hefði haft góðar tolltekjur af innflutningi þeirra. Ábendingar þessar báru ekki árangur. Listinn yfir óþarfar vörutegundir var endurskoðaður árið 1934 og lengdist nokkuð við þetta. Þá var svo komið að innflytjendur þurftu að afla leyfa til innflutnings á allflestum vörutegundum öðrum en korni, kaffi, sykri, kolum, olíu og veiðarfærum. Listinn yfir óþarfar vörutegundir stóð við makt fram á stríðsárin síðari (1939–1945) en fyrrnefndir bankar héldu einkaleyfi til gjaldeyrisverslunar næstu hálfu öldina eða svo og innflutnings- og gjaldeyrisnefnd var viðlíka lengi í fullu fjöri. Útvegum erlends gjaldeyris var mjög erfið á árunum 1936–1939. Orsökina var sú að þá var borgarastríð á Spáni og Spánverjar sem voru helstu kaupendur helstu útflutningsvöru Íslendinga (saltfisks) hættu að kaupa þá vöru. Íslendingar urðu því að tileinka sér nýja verkunaraðferð og afla nýrra markaða og kom þetta niður á utanríkisversluninni.

8.5 Heimsstyrjöldin síðari

Heimsstyrjöldin síðari skall á hinn 1. september árið 1939 en þá réðust Þjóðverjar á Pólland. Sýnt þótti undir ágústlok að hverju stefndi og brást íslenska ríkisstjórnin við þessu með því að banna útflutning á síldar- og fiskimjöli, þorskalýsi, hvallýsi, hvalkjöti, kolum, brennsluolíum og öllum innfluttum matvörum og nýlenduvörum. Tveimur dögum síðar (1. september) var gefin út reglugerð um sölu og dreifingu á ýmsum matvælum, til dæmis á kornvöru, kaffi og sykri, og átti þetta að koma í veg fyrir hamstur. Næsta dag var komið skikk á sölu og afhendingu á bensíni. Skömmtun á ýmsum matvælum og öðrum nauðsynjum var tekin upp. Bensínskömmtun var ákveðin með reglugerð hinn 6. september og skömmtun á brauði, kornvöru, kaffi og sykri hinn 9. september. Vörur þessar voru fánlegar gegn framvísun skömmtunar-seðla og hélst svo til stríðsloka. Fleiri vörutegundir voru skammtaðar á stríðsárunum síðari en þó var vöruskömmtunin þá aldrei mjög tilfinnanleg.

8.6 Nýir markaðir

Danmörk og Þýskaland voru meðal helstu viðskiptalanda fyrir heimsstyrjöldina síðari en þá tók fljótlega fyrir viðskipti við þessar þjóðir. Íslendingar tóku þá að beina viðskiptum sínum í auknum mæli til Bretlands, Kanada og Bandaríkjanna. Afleiðingin varð sú að á árinu 1941 kom um 93% heildarinnflutningsins frá þessum löndum og um 95% heildarútflutningsins fór til Bretlands og Bandaríkjanna. Þessi tvö ríki veittu Íslendingum tollaívilnanir. Bretar felldu niður toll á frystan fisk hálfum mánuði eftir að þeir hernámu landið en tollur þessi var tekinn upp í kreppunni eða árið 1932. Bandaríkjamenn lækkuðu tolla á íslenskar vörur árið 1943 en þeir höfðu tveimur árum fyrr samþykkt að greiða í dollurum fyrir allar þær vörur sem Íslendingar fluttu til Bretlands.



Þetta var í samræmi við hin svonefndu láns- og leigulög, samkvæmt þeim lánuðu Bandaríkin Bretum þær vörur sem Bretar keyptu í Bandaríkjunum og einnig af Íslendingum. Þetta breyttist á árinu 1943 en þá var ákveðið að þriðjungur þessarar vöru skyldi greiddur í sterlingspundum og afgangur í dollurum. Frílistinn var afnuminn árið 1941 en hann heimilaði fyrirtækjum sem höfðu yfir gjaldeyri að ráða að ráðstafa honum án íhlutunar gjaldeyrisnefndar. Þá var svonefnd tveggjammannanefnd einnig sett á laggirnar en hún hafði eftirlit

með gjaldeyris- og innflutningsmálum og úrskurðaði um gildi leyfa til innflutnings frá löndum utan Bretaveldis. Ríkisstjórnin sendi nefnd til Bandaríkjanna á árinu 1941. Hún náði samningum um innflutning frá Bandaríkjunum á ýmsum nauðsynjum, til dæmis matvælum, vélum, efnavörum til iðnaðar og járn- stálvörum. Sumt af þessu voru vörur sem höfðu hernaðarlegt mikilvægi en slíkar vörur var oft erfitt að fá til landsins á stríðsárunum. Í júnímánuði 1942 voru síðan undirritaðir samningar um sölu á meginhluta fiskframleiðslunnar og fiskafurða til Bretlands. Bandaríkin greiddu þessa vöru svo sem fram hefur komið. Við þetta tók dollaraeign landsmanna allmjög að aukast og innkaup að beinast í sívaxandi mæli til Bandaríkjanna. Viðskiptanefndin frá 1941 var lögð niður á árinu 1943. Í hennar stað voru skipaðar tvær nefndir. Samninganefnd utanríkisviðskipta sem skyldi hafa með höndum samninga um verslunar- og viðskiptamál

við fulltrúa erlendra ríkja og Viðskiptaráð sem annaðist innkaupastarfsemi. Almennur viðskiptasamningur við Bandaríkin var undirritaður 27. ágúst 1943. Viðskiptaráð gerði síðan í desembermánuði áætlun um innflutningsþörf Íslendinga. Áætlun þessi var send hlutaðeigandi stjórnvöldum í Bandaríkjunum. Þau ráðguðust við bresk stjórnvöld og ákváðu þessi stjórnvöld í sameiningu að innflutningsþörf Íslendinga skyldi einkum fullnægt frá Bandaríkjunum. Við þetta dró úr vöruskorti en Íslendingar áttu eftir að reyna að Bandaríkjamenn voru lítt hrifnir af smápöntunum. Skipastóll í Ameríkusiglingum var takmarkaður. Reynt var að láta brýnustu nauðsynjar sitja í fyrirrúmi um flutning og þurftu vörur sem ekki voru taldar skipa mikilvægasta flokkinn því oft að bíða flutnings lengi. Meginhluti nauðsynja var síðan fluttur inn frá Bandaríkjunum til stríðsloka.

8.7 Viðskipti við Bandaríkin

Fyrir heimsstyrjöldina síðari skipti innflutnings- og gjaldeyrisnefnd vörutegundum í flokka og ákvað árlega hámarksupphæð sem verja mátti til kaupa á vörum í hverjum flokki erlendis. Þetta var kvóti flokksins í heildarinnflutningi landsmanna. Miklir hagsmunir voru bundnir kvótaskiptingunni og olli hún því alloft deilum sem ekki verða raktar hér. Sú breyting varð þegar Bandaríkjamenn samþykktu að birgja Ísland með vörum að þeir ákváðu fyrir hve háa upphæð heimilt var að kaupa hvern vöruflokk árlega. Nokkru misræmi olli að Bandaríkjamenn miðuðu heimild til að flytja vörur til Íslands við magn en Íslendingar miðuðu innflutningsheimildir við verð. Árið 1944 lágu hjá sendiherra Íslands í Bandaríkjunum umsóknir um að mega flytja til landsins vörur fyrir sexfalt hærri upphæð en íslensk yfirvöld höfðu veitt heimild fyrir. Sendiherrann treysti sér ekki til að forgangsraða umsóknunum og Viðskiptaráð ekki heldur. Varð því að ráði að stofna Innkaupasamband sem hafa skyldi þessa forgangsroðun með höndum. Sjö menn skipuðu stjórn þess, fjórir fulltrúar heildsala og einn fulltrúi frá Félagi vefnaðarvörukaupmanna, iðnrekendum og SÍS, hverjum aðila um sig. Á stríðsárunum varð einnig breyting á verkaskiptingu heildsala og smásala. Fyrir stríðið var innflutningsleyfum skipt á milli heildsala og smásala og fengu smásalar bróðurpartinn. Smásalar réðu því miklu um hvað keypt var fyrir leyfin en heildsalar önnuðust innkaupin. Á stríðsárunum höfðu heildsalar fulltrúa í Bandaríkjunum eða sátu þar sjálfir og önnuðust innkaup, fluttu vöruna til Íslands og útveguðu síðan innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Þau voru auðfengin eftir að gjaldeyriseign landsmanna tók að vaxa að ráði. Árið 1944 höfðu heildsalar umráð með um 80% heildarinnflutningsins frá Bandaríkjunum, SÍS um 16% hans og nokkrir kaupmenn höfðu yfirráð yfir afganginum. Smásalar voru óánægðir með þessa breytingu og kváðu heildsala ekki nægilega kunnuga vilja kaupenda og gátu stundum komið með dæmi sem sýndu þetta. Deilt var um yfirráð yfir leyfum eftir stríð en samkomulag náðist um það atriði á árinu 1948. Þá var fyrrnefnt Innkaupasamband lagt niður.



8.8 Kaupgeta eykst í stríðslok

Íslendingar fengu gott verð fyrir útflutningsvörur sínar á stríðsárunum síðari. Útflutningsjöfnuður var verulega jákvæður yfir tímabilið í heild þótt ekki væri svo öll árin 1940–1945. Við þetta bættust tekjur af vörum og þjónustu við hernámsliðið. Gjaldreyrir tók að safnast í sjóði landsmanna þegar á árinu 1940 og var gjaldeyriseignin orðin 580,5 milljónir króna um mitt ár 1945. Þetta jafngildir um 25 milljörðum nýkróna á verðlagi ársins 2003. Íslendingar höfðu óvenjulega mikið fé handa á milli á stríðsárunum en vöruskortur var þá talsverður. Kaupgeta var því mikil og kom þetta í ljós í stríðslokin. Bróðurparti stríðsgróðans var varið til kaupa á atvinnutækjum en einnig er ljóst að eftir stríðslok varð mikil aukning í innflutningi á trjáviði, fatnaði, munum úr járn og stáli og úr ódýrum málum, áhöldum, rafmagnsvélum og öðrum vélum og ökutækjum. Vöruskiptajöfnuður var mjög óhagstæður fyrst eftir heimstyrjöldina. Þá voru nokkrar birgðir í landinu af fatnaði og seldust þær ekki. Danir fréttu af þessu og komu í nokkrar innkaupaferðir til landsins, einkum á árinu 1945. Þeir keyptu talsvert af vörum þessum og mun nokkuð hafa gengið á birgðir af þeim sökum. Danir drógu fljótlega úr þessum kaupum og hættu þeim alveg á árinu 1946. Þetta voru einkum vörur úr gervisilki, hálsbindi, skyrtur, undirfatnaður kvenna og vörur úr íslenskri ull. Dönum þóttu þær dýrar og munu þessi viðskipti hafa hætt af þeirri orsök.

8.9 Fjárhagsráð stofnað

Stríðsgróðinn var uppurinn á öndverðu ári 1947. Gripið var til gagnráðstafana. Nýbyggingarráð (stofnað 1944 til gera heildaráætlun um nýsköpun íslensks þjóðarbúsápar) og Viðskiptaráð var lagt niður og svonefnt Fjárhagsráð stofnað í staðinn. Þetta var fimm manna nefnd sem skyldi stjórna fjárfestingarmálum í landinu og hafa á hendi yfirstjórn innflutnings- og gjaldeyrismála, verðlagseftirlits og vöruskömmunar. Í málefnaþingningi ríkisstjórnar þeirrar sem setti Fjárhagsráð á laggirnar var kveðið á um að neytendur skyldu eiga kost á að kaupa neysluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur við hagkvæmu verði og skýrir þetta að Fjárhagsráði var ætlað að hafa verðlagseftirlit með höndum. Það tók til starfa í ágústmánuði árið 1947. Ráðið varð fljótlega mjög valdamikið enda urðu fyrirtæki og einkaaðilar sem vildu ráðast í einhverjar framkvæmdir, jafnvel hinar smávægilegustu, að fá heimild þess til slíks. Fjárhagsráði hafði í öndverðu verið ætlað svipað hlutverk og Nýbyggingarráð hafði haft en fjárráð þess voru öllu minni. Fjárhagsráð varð því í raun eins konar skömmunarstofnun. Vöruskömmun var tekin upp síðari hluta sumars. Þá voru allmargar vörutegundir einungis afgreiddar gegn afhendingu skömmunarseðla, sumar tegundir kornvöru, byggingarvörur, kaffi, bensín, skófatnaður, hreinlætisvörur, fatnaður og búsaðöld. Skömmun þessi var mun naumari en verið hafði á stríðsárunum. Hún olli miklu hamstri um land allt en stjórnvöld reyndu að hamla gegn slíku með útgáfu reglugerðar sem kvað á um takmörkun á sölu, dreifingu og tollafgreiðslu vöru. Á árinu var einnig tekin upp sú nýjung að skammta smjör og smjörliki á lægra verði og var þetta gert til að halda framfærsluvísitölu niðri. Söluskattur var tekinn upp á árinu 1947 og var hann 2% í fyrstu en var hækkaður í 6% um áramótin 1948–1949. Ári fyrir var gerð eignakönnun jafnhliða seðlaskiptum. Allur þorri innflutnings var háður opinberum leyfum.

Verulega dró úr vöruskömmun á árunum 1959–1960 enda hafði hún ekki

tryggt jafna vörudreifingu um landið í þeim mæli sem vænst hafði verið. Nokkrar vörutegundir voru þó skammtaðar áfram, smjör og smjörlíki á lægra verði var til dæmis skammtað fram um 1960. Þá var viðskiptafrelsi aukið með útgáfu svonefnds frílista en hann var skrá yfir vörur sem heimilt var að flytja inn án opinberra leyfa. Útgerðarmönnum voru á árinu 1951 fengin umráð yfir helmingi þess gjaldeyris sem fékkst fyrir útfluttan fisk af fiskibátum (bátajaldeyris). Gjaldreyri þessum skyldi varið til kaupa á vörum sem ekki töldust til brýnna nauðsynja og var hann seldur á yfirverði sem rann til útgerðarinnar. Dollarar og myntir þjóða sem voru í greiðslubandalagi Evrópu voru seldar með 60% álagi og gjaldreyrir vöruskiptaþjóða (Austur- Evrópu-þjóða) með 25% álagi. Álagið var hækkað í 70% og 35% haustið 1955. Greiðslubandalag Evrópu var stofnað 1950 í tengslum við Marshallaðstoðina.

8.10 Marshallaðstoðin

Útanríkisviðskipti breyttust talsvert um 1950. Fyrst skal þess getið að Bandaríkin veittu Íslandi mikla efnahagsaðstoð, Marshallaðstoðina svonefndu. Hún nam samtals 629.609 krónum og voru 486.257 krónur (í dollurum voru það 38,65 milljónir dollara) óafturkræft framlag. Greiðslunni var þannig háttáð að innflytjendur fengu pöntunarheimild frá viðskiptaráðuneytinu, eins konar ávísun á Marshalldollara, sem bandarískir bankar innheimtu hjá sérstakri stjórnarskrifstofu í Bandaríkjunum. Kaup-



endur hér greiddu fyrir gjaldreyrinn á venjulegan hátt í Landsbankanum eða Útvegsbankanum. Andvirðið að frádregnum 5–10% var lagt inn í sérstakan reikning í Landsbankanum, svonefndan Mótvirðissjóð. Afgangurinn var til frjálsrar ráðstöfunar fyrir Bandaríkja-stjórn hér á landi. Fyrstu ár aðstoðarinnar var dollaraframlaginu einkum varið til kaupa á bandarískum landbúnaðarvörum, landbún-aðarvélum og vélum fyrir fiskiðnað en síðari árin rann meginþorr-inn til þriggja stórframkvæmda. Efnahagsaðstoðin var innt af hendi á árunum 1948–1953 og var Greiðslubandalag Evrópu stofnað í

tengslum við hana. Það hætti störfum um áramótin 1958–1959 og kom gjaldreyris-samningur Evrópu í staðinn.

8.11 Viðskipti við Sovétríkin

Jafnvirðis kaup voru nefnd hér að framan. Þau hófust að marki árið 1953. Bretar keyptu um 30% heildarútflutnings landsmanna á árunum 1946–1950. Þetta var að langmestu leyti fiskur. Bretar settu löndunarbann á íslenskan fisk í kjölfar útfærslu landhelginnar árið 1952. Þá þurfti að afla markaðar fyrir þessa útflutningsvöru. Sum-arið 1953 var undirritaður viðskiptasamningur milli Íslands og Sovétríkjanna. Þar var samið um kaup Sovétmanna á miklu magni af frystum fiskflökum og síld en í staðinn keyptu Íslendingar olíu, bensín, korn og sement. Samningurinn var á jafnvirðis kaupa-grundvelli. Hliðstæðir samningar voru fljótlega gerðir við önnur lönd Austur- Evrópu, til dæmis við Austur Þýskaland. Verslunarráð og heildsalar stofnuðu innkaupa-samband um þau viðskipti (Íslenska vöruskiptafélagið) sem gerði viðskiptasamning við Kammer für Aussenhandel. Vöruskiptafélagið starfaði til ársins 1973 en miklar deilur risu um aðild að því í fyrstu. Bifreiðir voru fluttar inn í töluverðu magni frá þessum löndum, einkum frá Rússlandi og Tékkóslóvakíu. Innflutningurinn var háður

leyfum sem sérstök nefnd úthlutaði, Bílanefndin svonefnda. Viðskipti við Sovétríkin jukust hratt og árið 1954 keyptu þau um 15% af heildarútflutningi landsmanna og voru þau þá næstmesta viðskiptaland Íslendinga.

Fram hefur komið að mjög dró úr vöruskömmun um 1950. Þessi þróun hélt áfram næstu ár. Árið 1951 voru um 40% innflutningsins orðinn frjáls og næstu ár hækkaði þetta hlutfall verulega, einkum um áramótin 1953–1954. Þá var svigrúm manna til framkvæmda aukið mikið. Þeim var heimilað að byggja íbúðir án sérstakra leyfa ef þær voru ekki stærri en 520 rúmmetrar. Sama máli gegndi um hús yfir búpening, verbúðir og veiðarfærageymslur. Fjárhagsráð var þá lagt niður árið 1953. Í staðinn kom innflutningsskrifstofa sem annaðist leyfisveitingar til að flytja inn vörur sem enn voru háðar slíku.

8.12 Skert verslunarfrelsi

Verulega dró úr tilraunum til að auka frelsi í viðskiptum á árunum 1954–1958 og mun gjaldeyrisskortur meginástæðan. Farið var í vaxandi mæli að leggja yfirfærslugjald á gjaldeyri. Um jólaleytið 1956 var innfluttum vörum skipt í flokka og innflutningsgjöld ákvörðuð með hliðsjón af nytsemi þeirrar vöru sem átti í hlut. Þessar ráðstafanir tóku nafn af tímasetningunni, jólagjöfinni. Gengi íslensku krónunnar varð því í raun og veru margskonar. Jólagjöfin var afnumin að mestu á árinu 1958 og í staðinn var yfirfærslugjald á gjaldeyri hækkað úr 16% í 55%. Jafnframt áttu útflytjendur að fá 55% uppbót á útfluttar vörur.

Árið 1959 ákvað ríkisstjórnin að fara svonefnda niðurfærsluleið. Þá var verðlag og kaupgjald lækkað og lækkaði söluverð hverskonar vöru og þjónustu til samræmis við lækkun launakostnaðar. Ekki urðu aðrar stórvægilegar breytingar á því ári og hélst verðlag þá stöðugt.

Höftin voru mest áberandi á árunum 1930–1940 og 1947 og fram um 1950. Á þessum tímabilum bar talsvert á fylgifiskum haftanna. Brugg var alláberandi á fyrra tímabilinu og smygl og biðraðir á hinu síðara. Pöntunarfélög blómstruðu þegar hart var í ári. Getið er um söluturna fyrir 1920. Þeim fjölgaði mikið á stríðsárunum síðari og ekki síður svonefndum sjoppum en þar gátu menn setið og neytt gosdrykkja



og sælgætis. Hart var á þessu tímabili deilt um vöruframboð í söluturnum og voru deilurnar leystar með útgáfu lista yfir þær vörur sem þar máttu vera á boðstólum. Nokkrar nýjungar komu fram í verslun í sjötta áratugnum. Vesturver, fyrsta verslunarmiðstöðin á Íslandi, var opnuð í Morgunblaðshöllinni í desember 1955. Þar voru margar verslanir undir sama þaki. Verslunarmiðstöðvum fjölgaði talsvert á næstu árum. Liverpool í Reykjavík opnaði verslun með sjálfsafgreiðslusniði 1. október 1955 og SÍS matvöruverslun með sjálfsafgreiðslusniði hinn 5. nóvember sama ár. Kaupfélag Árnesinga á Selfossi hafði raunar opnað matvöruverslun með sjálfsafgreiðslusniði

nokkru fyrr. KRON gerði tilraun með þetta verslunarform á stríðsárunum en hætti því eftir tvö ár. Árið 1959 var farið að selja mjólk í pappahyrnum og plastumbúðir koma til sögunnar um 1960.

9. Sívaxandi frjálsræði 1960–2005

Verulegar efnahagsráðstafanir voru gerðar í febrúarmánuði árið 1960 og ganga þær almennt undir nafninu viðreisnin. Sumar þessara ráðstafana snertu verslun. Bótakerfið og Útflutningssjóður var lagður niður og gengi krónunnar fellt verulega. Dregið var



úr innflutningshöftum og var talið að raunveruleg höft væru aðeins á 10–15% innflutnings eftir að ráðstafanirnar höfðu verið framkvæmdar. Þeim var þá einkum beitt til að vernda viðskiptin við jafnvirðis kaupalöndin í Austur-Evrópu sem talin voru mjög mikilvæg. Innflutningsskrifstofan var lögð niður en hún hafði veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Það verkefni var falið þeim tveimur bönkum sem máttu versla með gjaldeyri. Nokkuð dró síðan úr innflutningshöftunum næsta áratug. Nokkur afturkippur gerði vart við sig á árunum 1968–1969 en þá og síðan hefur norsk- íslenski síldarstofninn ekki gengið á Íslandamið og olli ofveiði þessari breytingu. Síld af þessum stofni hafði malað landsmönnum gull og var

þetta því mikið efnahagslegt áfall. Íslendingar gengu í EFTA árið 1969. Áttu Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Svíþjóð og Sviss aðild að EFTA en þau samtök höfðu einkum afnám tolla á iðnaðarvörur í viðskiptum á milli aðildarríkja á stefnuskrá sinni. Nutu landsmenn góðs af þessu. 1993 veitti Alþingi heimild til að innheimta tollkvóta af innflutningi af landbúnaðarvörum. Síðan þá hefur verið settir tollkvótar vegna innflutnings á blómum, kjöti og ostum. Um svipað leyti voru settar reglur um að innfluttar vörur frá Bandaríkjunum skyldu merktar fyrir íslenska neytendur. Þetta hafði aukinn kostnað í för með sér og töldu margir þetta vera viðskiptahindranir.

9.1 Verðlagshöft afnumin

Áttundi áratugurinn er tímabil mikilla sveiflna í efnahagsmálum og áttu olíuverðshækkanir sinn þátt í þeim. Gengi var breytt oft en áður hafði tíðkast og stundum mikið. Það olli versluninni oft erfiðleikum enda urðu aðilar í viðskiptum að leita til opinberra aðila um allar breytingar á álagningu. Gjörbreyting varð á þessu á árunum 1983–1985 og jókst frjálsræði í viðskiptum þá mikið. Verðlagshöft voru afnumin að verulegu leyti 1983 og einnig ákvæði um álag á ferðamannagjaldeyri, verðlagshömlur í matvöru- og snyrtivöruverslunum voru afnumdar árið 1984 og árið 1985 voru vextir gefnir frjálsir. Jafnframt þessu var verksviði Verðlagsskrifstofu breytt og skyldi hún framvegis gera verðkannanir og fylgjast með því að farið væri að lögum í verðlagsmálum en ekki hafa bein áhrif á verðmyndun eins og verið hafði (ákveða

álagningu). Verðlagshamla gætti enn um landbúnaðarafurðir og gat naskur leitandi á því sviði fundið um aldamótin 2000 leifar skipulagsins frá því um miðja öldina. Þá hafði tíðkast að úthluta fólki sem hugði á ferðalög til annarra landa tiltekinni upphæð í gjaldeyri. Upphæð þessi var mishá og fór það eftir því hvort þeir voru á eigin vegum eða á vegum ferðaskrifstofu. Upphæð þessi fór hækkandi með tímanum og var 1000 dollarar að hámarki árið 1983. Þá var þess raunar skammt að bíða að hömlur þessar yrðu tilgangslausar, greiðslukortin voru komin fram á sjónarsviðið og Íslendingar tóku þeim fegins hendi.

9.2 Greiðslukort

Tvö kortafyrirtæki hófu rekstur á Ísland, Eurocard í júlí árið 1980 og Visa Island á árinu 1983, og tryggðu mönnum greiðslu fyrir selda vöru mánaðarlega og voru því í raun framhald lánsverslunar sem tíðkast hafði. Útvegsbankinn stóð að útgáfu Eurocard en Landsbankinn að útgáfu Visa. Bæði fyrirtækin hófu útgáfu gullkorta á árinu 1987 og debetkorta sex árum síðar. Tilkoma kortanna breytti mjög öllu rekstrarumhverfi verslunarinnar. Þau tryggðu greiðslu innan mánaðar en við lánsverslun gat greiðsla dregist. Þau auðvelduðu Íslendingum að versla erlendis og töldu kaupmenn sig missa spón úr aski sínum af þeirri ástæðu. Ekki bætti úr skák er flugfélög tóku að



auglýsa sérstakar verslunarferðir til erlendra borga, einkum Amsterdam, Dublin og Glasgow. Slík auglýsing mun fyrst hafa birst árið 1988. Boðið var upp á lág fargjöld og gistingu og hafa ferðir af þessu tagi tíðkast síðan enda þótt þær séu ekki auglýstar sem sérstakar verslunarferðir í sama mæli og tíðkaðist í fyrstu. Haft var að orði að tollgæsla við komu þessara ferðamanna við heimkomu hafi ekki verið ströng og hafi þeir flestir því losnað við að greiða söluskatt af þeirri vöru sem þeir höfðu meðferðis. Kaupmenn reyndu að hvetja

fólk til að versla heima og bentu á þjóðhagslega hagkvæmni slíks. Mun sú herferð hafa borið nokkurn árangur. Kortanotendum fjölgaði á síðustu tugum 20. aldar og árið 2003 voru útgefin kort fleiri en íbúar landsins. Þá var einnig svo komið að stór hluti landsmanna notaði greiðslukort í svo til öllum sínum viðskiptum. Kortanotkun kostar sitt og hafa viðskiptaaðilar deilt við greiðslukortafyrirtækin um greiðslu fyrir kortanotkun. Sá ágreiningur hefur verið leystur með samningum.

9.3 Lánsverslun

Á fyrri öldum voru öll viðskipti færð til bókar og gerð upp einu sinni eða tvisvar á ári. Þessir viðskiptahættir héldust alla 19. öldina og nokkuð fram á þá 20. Algengt var að embættismenn gerðu upp mánaðarlega við verslun sína og þá menn sem voru á föstum launum. Sjómenn gerðu aftur á móti upp í lok vertíðar. Peningaviðskipti voru fátíð fram á 20. öld en fóru þá ört vaxandi. Einnig reyndu verslanir að tryggja sér viðskipti með ýmsu móti, til dæmis með útgáfu vörupeninga og seðla sem einungis voru gjaldgengir í viðkomandi verslun. Lánsverslunin var kaupmönnum og kaupfélögum þynnrir í augum og gerðu hinir fyrrnefndu alloft samþykktir um að henni skyldi hætt eða úr henni dregið eins og unnt væri. Mikið kveður að umræðu um þetta atriði á 6. tug 20. aldar. Hún skýrist að hluta til af hinum langvinnu verkföllum sem þá

voru. Kaupmenn lánuðu mönnum í verkfalli enda töldu þeir ekki samrýmast góðri kaupmannsvenju að láta viðskiptavini til margra ára líða skort af þessari ástæðu. Mjög hefur dregið úr lánsverslun á síðustu áratugum enda leystu greiðslukortin hana að verulegu leyti af hólmi. Lánsverslun þekkist þó enn, til dæmis í viðskiptum með bensín og olíuvörur. Þá eru sumir viðskiptavinir verslana fastheldnir á fyrri viðskiptahætti og má enn sjá afgreiðslufólk færa viðskipti inn á reikning í verslunum.

9.4 EES-samningurinn

Fram hefur komið að Ísland gerðist aðili að EFTA árið 1970. Skömmu síðar tók að fækka í bandalaginu en það gerði á árinu 1972 samninga um fríverslun með iðnaðarvörur við EBE (Evrópusambandið frá 1993). Minna mein varð að fækkuninni fyrir vikið. Íslendingar urðu raunar ekki aðilar að samningnum fyrir en á árinu 1976 vegna fiskveiðideilunnar við Breta. Samstarf ríkja innan EBE varð nánara þegar tímar liðu fram. Ætlunin var að útrýma öllum hömlum á flutningi á vörum, þjónustu, fjármagni og vinnuafli á milli landanna. Þetta var kallað „fjórfrælsi“. Bandalögin samþykktu síðan á árinu 1989 að auka samstarf sín á milli og stefna að stofnun Evrópsks efnahagssvæðis. Stofnun þess var ákveðin á árinu 1992 og samþykkti Alþingi þaraðlútandi samning á næsta ári. Þetta tryggði að „fjórfrælsi“ svonefnda gildi einnig í meginatriðum innan EFTA. Þessu fylgdu kostir fyrir Íslendinga, tollar voru felldir niður og aðgangur að markaði í Evrópu fyrir útflutningsvörur Íslendinga varð greiðari. Haft var á orði að þetta mundi hafa í för með sér lækkandi vöruverð á Íslandi en ekki varð það án undantekninga. Þetta var hagnaður landsmanna af samningnum en á móti kom að þeir urðu afar háðir miklu flóði reglugerða frá Brüssel.



9.5 Lágvöruverslun

Um 1950 var öll vara afgreidd yfir búðarborð en hálfri öld síðar kvað mest að sjálfsafgreiðslu. Síðara formið hófst að marki árið 1955 en hefur síðan breiðst hratt út. Tilkoma strikamerkja hefur auðveldað þetta afgreiðsluform en þau voru fyrst tekin í notkun í matvörubúð árið 1989 (Bónus við Súðavog). Bókasafn Kópavogs tók strikamerkin í notkun tveimur árum fyrr. Verslunarmiðstöðvar hófu einnig göngu sína árið 1955 en fimmtán árum síðar var fyrsti stórmarkaðurinn opnaður. Stórmarkaðir bjóða marga mismunandi vörflokka til kaups og gólfrymi er yfir tilteknu lágmarki. Fjórar gerðir verslana voru reknar um 1950: Sérverslanir, dagvöruverslanir („kaupmaðurinn á horninu“), söluturnar og verslanir ríkisins. Allar þessar gerðir þekktust einnig um aldamótin 2000. Dagvöruverslunum sem kenna má við „kaupmanninn á horninu“ hefur að vísu fækkað mikið en matvörubúðum fækkaði úr 233 í 137 á árunum 1979–1993



svo dæmi sé nefnt. Hluti þeirra var eign kaupfélaga en mjög hefur dregið úr samvinnurekstri, einkum síðustu 10–15 árin. KRON lagði til dæmis upp laupana um 1990 og

Þá hrundi hið mikla veldi SÍS. Sérstakar mjólkurbúðir hurfu úr sögunni um 1980. Stórmarkaðir og verslunarkerðjur hafa aukið hlutdeild sína á þessum markaði jafnt og þétt undanfarin ár. Áætlað var að Bónus og Hagkaup hefðu um 52% allrar verslunar með dagvöru á höfuðborgarsvæðinu um áramótin 1996–1997. Á öndverðu ári 2004 réðu Hagar 46% dagvöruverslunarinnar, Kaupás 26% og Samkaup 16% eða samtals 88% dagvöruverslunarinnar. Afgangurinn skiptist á milli annarra verslana á svæðinu. Hlutdeild þeirra hafði minnkað um 33% frá fyrra ári samkvæmt áætluninni sem byggðist á upplýsingum frá Hagstofu og Þjóðhagsstofnun. Hlutdeild stórmarkaða og verslunarkerða hefur vaxið síðan og hlekkir í keðjunum breyst. Söluturnar hafa haldið velli en þeim var bannað í Reykjavík að hafa aðstöðu fyrir viðskiptavinum til að njóta veitinga innanhúss árið 1964. Deilur um vöruframboð í söluturnum blossuðu upp af og til að síðari hluta 20. aldar. Þá hafa bensínsölur í vaxandi mæli farið að bjóða svipaðar vörur og söluturnar. Ríkið rekur einkasölu á áfengi og tóbaki, einkasalan á tóbaki er raunar einvörðungu heildsala en einkasala á áfengi bæði á heildsölu- og smásölustigi. Áfengisverslunin tók að bjóða bjór til kaups á árinu 1989..

9.6 Verslun og samgöngur

Samgöngur bötnuðu mjög á 20. öld, ekki síst á síðari hluta hennar. Um aldamótin 2000 tekur einungis nokkra klukkutíma að fara vegalengd sem ferðamaðurinn fór á einum degi eða mun lengri tíma einni öld fyrr. Þetta hefur haft mikil áhrif á verslunina í landinu. Verslun í dreifbýli og á fámennari þéttbýlisstöðum hefur átt erfitt uppdráttar og hafa verslanir þar mátt hætta rekstri af þessum sökum. Bættar samgöngur hafa á hinn bóginn komið versluninni í hinum fjölmennustu þéttbýliskjörnum til góða, einkum verslun í Reykjavík og á Akureyri. Ekki mun óalgenget að fólk frá Vestur- Skaftafellssýslu, af Snæfellsnesi og norðan yfir Holtavörðuheidi komi í verslunarleidangra til Reykjavíkur og úr byggðum á milli þessara örnefna. Verslunarmyndami Reykjavíkur, ef svo má að orði komast, hefur því stækkað mikið við þessa samgöngu- byltingu og er orðið stærra en það hefur áður verið.

Afgreiðslutími verslana var frjáls öldum saman. Þetta breyttist á 20. öld.



Bæjarstjórn Reykjavíkur setti fyrst reglugerð um afgreiðslutíma sölubúða árið 1918 og tók hún gildi hinn 22. október það ár. Hún kvað á um að verslanir skyldu ekki vera opnar lengur en til kl. 7 e.h. alla virka daga að síðasta virkum degi fyrir aðfangadag jóla undanskildum en þá var heimilað að hafa opið til kl. 10 e.h. Óheimilt var að hafa búðir opnar eftir kl. 4 e.h. á laugardögum og einnig á aðfangadag og gamlársgögum. Verslanir skyldu vera lokaðar alla helgidaga og einnig á sumardegnum fyrsta og frídegi verslunarmanna. Heimilt var að fyrirskipa lokun verslana fyrir kl. 7 e.h. á virkum dögum ef skortur

var á eldsneyti eða ljósmeti en þessi reglugerð var sett áður en bærinn var raflýstur. Hinn 24. júní árið 1927 var boðið að verslanir skyldu ekki opnaðar fyrir kl. 8 f.h. Sú breyting varð á þessu á 5. tug 20. aldar að verslunarfólk og vinnuveitendur þess gerði

með sér kjarasamning og geymdi hann ákvæði um vinnutíma. Þetta hefur haldist síðan og spegluðu ákvæði reglugerða um afgreiðslutímamann vinnutímaákvæði kjarasamninga verslunarfólks næstu fjóra áratugi eða svo. Allmargir menn í röðum kaupmanna töldu á hinn bóginn rétt að kaupmenn réðu afgreiðslutímanum og höguðu honum eftir þörfum neytenda og fyrirtækisins. Þeir höfðu sitt fram. Árið 1990 var kveðið á um í reglugerð að allar verslanir mættu hafa opið frá kl. 7 f.h. til kl. 23.30 e.h. Verslanir skyldu þó vera lokaðar á stórhátíðum og eftir kl. 4 e.h. á aðfangadegi jóla og gamlársdegi. Borgarstjóra var þá einnig heimilað að leyfa rýmri afgreiðslutíma en þetta við tilteknar aðstæður. Verslanir eru nú (2004) opnar allan sólarhringinn í höfuðborginni.

9.6 Skyggnir skuld fyrir sjón

Formmenn trúðu á tilvist þriggja örlaganorna, Urðar, Verðandi og Skuldar. Framtíðin var viðfangsefni Skuldar sem sá um að menn sæju hana ekki fyrir. Ýmsir hafa þó reynt að spá fyrir um framvindu næstu áratugi og jafnvel aldir, verslunarmenn sem aðrir. Aðalfundur Samtaka verslunar og þjónustu var haldinn í öndverðum marsmánuði 2005. Þar flutti Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri erindi og spáði því að færri og stærri aðilar yrðu ráðandi í matvöruverslun í heiminum á næstu árum. Þá nefndi Jón að mikil aukning væri í sölu á lífrænt ræktaðri matvöru og heilsuvörum, sala Hagkaupa á lífrænt ræktaðum vörum hefði t.d. tífaldast frá árinu 2001. Þá yrði mikil krafa um það að fólk gæti keypt tilbúna rétti í matvöruverslunum. „Sem lítið dæmi um það þá eyddi amma tveimur klukkutímum í að elda á hverjum degi, mamma eyddi klukkutíma og ég eyði um 30 mínútum og ætli krakkarnir okkar eyði ekki tíu mínútum.“

Jón Ásgeir nefndi einnig nýjungar á tæknisviðinu, s.s. „self scanning“, þ.e. tækni sem gerði fólki kleift að afgreiða sig sjálfst þegar það færi út úr matvöruverslunum. „Ég tel óhætt að fullyrða að þessi þjónusta verður komin upp hér innan skamms tíma“, sagði Jón Ásgeir en nefndi einnig nýja tækni sem gengi út á það að hver vara fengi merki á sig þannig að hún gæti talað við tölvukerfi verslunarinnar og gæti t.d. sjálfkrafa látið vita þegar hún væri útrunnin.

Jón Ásgeir sagði markaðinn myndi þróast þannig að fólk færi oftar í verslanir og gerði ekki eins stór innkaup og áður. „Við teljum að ýmiss konar þjónusta muni flytjast í verslanirnar eins og t. d. bankastarfsemi og tryggingarstarfsemi“ (Mbl. 9. mars 2005).

Fyrirlesari mun flestum Íslendingum betur þekkja til matvöruverslunar og er því líklegt að spádómar hans rætist að minna eða meira leyti. Framtíðin sker úr um þetta.

Íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast mjög ört undanfarna tvo áratugi. Þetta hefur valdið stjórnvöldum nokkrum áhyggjum, ekki síst veruleg innbyrðis tengsl verslunarfyrirtækja. Breytingar á samkeppnisreglum Evrópusambandsins hafa einnig haft áhrif en þangað sækir íslenskur samkeppnisréttur fyrirmyndir. Viðskiptaráðherra skipaði hinn 27. janúar 2004 sjö manna nefnd um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og skilaði hún álit síðar á árinu. Samkvæmt því bar nauðsyn til að efla eftirlit með samkeppnishömlum á markaði, til dæmis með því að

veita meira fjármagn til þeirrar starfsemi, samkeppnisyfirvöld skyldu nýta gildandi heimildir til að fylgjast með þróun samkeppnis- og viðskiptahátta og kanna stjórnunar- og eignatengsl til að meta hvort einkenna hringamyndunar yrði vart í íslensku viðskiptalífi, óæskilegra tengsla eða samþjöppunar valds. Sex nefndarmenn af sjö lögðu til að samkeppnisyfirvöld fengju heimild til að krefjast þess að fyrirtæki, sem brotið hefðu gegn ákvæðum samkeppnislaga eða hefðu skaðleg áhrif á samkeppni, breyttu skipulagi sínu. Einnig var lagt til að samkeppnisyfirvöldum yrðu veittar ríkari heimildir til vettvangsrannsókna. Viðskiptaráðherra lagði veturinn 2004–2005 fyrir Alþingi frumvarp til nýrra samkeppnislaga og frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Í fyrrnefnda frumvarpinu er kveðið á um skipun samkeppniseftirlits sem hafi að markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum, vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðinum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að samkeppniseftirlitið geti gripið til tiltekinna aðgerða til að ná þessum markmiðum. Neytendastofa skyldi samkvæmt síðarnefnda frumvarpinu annast eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, gegnsæi markaðarins og framkvæmd laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Með frumvörpunum var lagt til að starfsemi Samkeppnisstofnunar samkvæmt lögum frá 1993 yrði skipt á milli samkeppniseftirlits og Neytendastofu. Auk þessa lögðu 8 þingmenn veturinn 2004–2005 fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis talsmanns neytenda. Alþingi hafði frumvörpin og tillöguna til umfjöllunar þegar þetta var ritað (10. mars 2005).

Í verslunarsögu Íslands hafa skipst á tímabil frjálsræðis og hafta. Frjálsræðið virðist hafa verið mest frá því um 1400 og fram um 1530, 1870–1914 og eftir 1983. Höftin voru mest á tímabilinu 1602–1787 (einokunartímabilinu) en af öðrum haftatímabilum má nefna tímabilið 1930–1940 og 1947 og fram um 1950. Þau einkennast af miklum erfiðleikum í íslensku þjóðlífi.

Nokkur rit og ritgerðir um verslunarsögu.

- Aðalgeir Kristjánsson: Endurreisn Alþingis og Þjóðfundurinn. Rvík 1993.
- Agnar Kl. Jónsson: Stjórnarráð Íslands 1904 1964 I. - II. Rvík 1969.
- Arnór Sigurjónsson: Íslensk samvinnufélög hundrað ára. Rvík 1944.
- Ásgeir Ásgeirsson: Saga Stykkishólms I. Stykkishólmi 1992.
- Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Ásgeirsson: Saga Stykkishólms II. Stykkishólmi 1997.
- Ásgeir Guðmundsson: Saga Hafnarfjarðar I. - III. Hafnarf. 1983, 1984.
- Ásgeir Jakobsson: Bíldudalskóngur. Athafnasaga Péturs Thorsteinssonar. Hafnarf. 1988.
- „ Hafnarfjarðarjarlinn. Einars saga Þorgilssonar. Hafnarf. 1987.
- „ Óskars saga Halldórssonar. Rvík 1994.
- Benedikt Gröndal: Íslenskt samvinnustarf. Rvík 1957.
- Bergsteinn Jónsson: Mannkynssaga 1648–1789. Rvík 1963.
- Björn Jóhannsson: EB og smásöluverslun á Íslandi. Rvík 1990
- Björn Þorsteinsson: Enska öldin. Rvík 1970.
- Eggert Þór Bernharðsson: Saga Reykjavíkur. Borgin 1940–1990 I. - II. Rvík 1998.
- Gísli Gunnarsson: Upp er boðið Ísaland. Kópavogur 1987.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson: Saga Ólafsvíkur, fyrra bindi. Akran. 1987.
- Guðjón Friðriksson: Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar I. - II. Rvík 1991, 1994.
- Guðmundur Jónsson og Magnús Magnússon: Hagskinna. Rvík 1997.
- Gunnar Helgi Kristinsson: Evrópustefnan: Aðlögun Íslands að þróun Evrópubandalagsins. Rvík 1990.
- Gylfi Þ. Gíslason: Landsbanki Íslands 90 ára, Fjármálatíðindi, júlí-desember 1976.
- Haraldur Jóhannsson: Heimskreppan og heimsviðskiptin. Rvík 1975.
- Helgi Skúli Kjartansson: Reykjavík sem verslunarmiðstöð 1875–1945, Reykjavík miðstöð Þjóðlífs. Rvík 1978
- Helgi Skúli Kjartansson o. fl.: Samvinnuhreyfingin í sögu Íslands. Rvík 2003.
- Helgi Þorláksson: Vaðmál og verðlag. Rvík 1991.
- Hrefna Róbertsdóttir: Krambúðir og kaupstaðarferðir, Kvennaslóðir. Afmælisrit Sigríðar Th. Erlendsdóttur. Rvík 2001.
- Illugi Jökulsson o. fl.: Ísland í aldanna rás 1976 - 2000. Rvík 2001.
- Jakob F. Ásgeirsson: Þjóð í hafti. Rvík 1988.
- Johnson, Anders: Historien om handeln – från sjöfarare till nätsurfare. Stokkhólmur 2000
- Jón J. Aðils: Einokunarverslun Dana á Íslandi. Rvík 1919.
- Jón Hjaltason: Saga Akureyrar I. - II. Akureyri 1990, 1994.
- Jón K. Margeirsson: Deilur Hörmangarafélagsins og Íslendinga 1752 - 1757. Rvík 1998.
- Jón Pálsson: Austantóru II. Rvík 1946.
- Jón Þ. Þór: Svartagull. Rvík 1996.
- „ Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps I. - IV. Ísafirði 1984, 1986, 1988, 1990.
- „ Saga Grindavíkur frá landnámi til 1800. Rvík 1994.
- „ og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: Saga Grindavíkur II. Rvík 1996.
- Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur I. - II. Rvík 1929.
- Kristmundur Bjarnason: Saga Sauðárkróks I. - III. Akureyri 1969, 1971, 1973.

- Lúðvík Geirsson: Höfuðstaður verslunar. Hafnarf. 2001.
- Lúðvík Kristjánsson: Úr heimsborg í Grjótaþorp I. - II. Rvík 1962, 1963.
- „ Bildudalsminning. Rvík 1951.
- Lýður Björnsson: Afmælisrit VR I. - III. Rvík 1992.
- „ Atvinnumál, Upplýsingin á Íslandi. Rvík 1990.
- „ Ferðamannagjaldeyririnn. In memoriam, VR - blaðið, des. 1993.
- „ Flatey verður verslunarstaður, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 2002.
- „ Saga Kaupmannasamtaka Íslands. Rvík 2000.
- „ Skömmunarseðlar og stofnaukar, VR - blaðið, apríl og júní 1993.
- „ Skúli fógeti. Rvík 1966.
- „ Verslunarhöft eftir viðreisn, Mbl. 1.8. 1998.
- „ Við búðardiskinn I. - X., VR - blaðið sept., okt., nóv. 1998, jan., apr., jún., sept., nóv., des. 1999, mars 2000.
- Magnús Jónsson: Saga Íslendinga IX.1. Rvík 1957.
- Magnús Már Lárusson: Íslenskar mælieiningar, Skírnir 1958.
- Miklar breytingar í smásöluverslun, Mbl. 9. mars 2005.
- Ólafur Björnsson: Úr þjóðarbúskap Íslendinga. Reykjavík 1964.
- Ólafur H. Jónsson: Ísland og efnahagsbandalögin, Fjármálatíðindi, júlí-desember 1976.
- Pétur Benediktsson: Efnahagssamvinna og fríverzlun Evrópu, Fjármálatíðindi, janúar-júní 1957.
- Pétur G. Kristjánsson: Íslandssiglingar Englendinga og launverslun á 17. öld, Sagnir 1999.
- Sigfús H. Andrésón: Verslunarsaga Íslands 1774 - 1807 I. - II. Rvík 1988.
- „ Tilskipun um aukið verslunarfrelsi fyrir Ísland árið 1816. Saga 1997.
- „ Endurskoðun fríhöndlunarlaganna á árunum 1834 - 1836, Saga 2001.
- Sigurbjörn Þorkelsson: Himneskt er að lifa I. - III. Rvík 1966-1969.
- Sigurður Skúlason: Saga Hafnarfjarðar. Hafnarf. 1933.
- Sveinbjörn Blöndal: Sauðasalan til Bretlands. Rvík 1982.
- Um verzlunarmál, sex fyrirlestrar. Rvík 1917.
- Valdimar U. Valdimarsson og Halldór Bjarnason: Saltfiskur í sögu þjóðar I. - II. Rvík 1997.
- Valtýr Stefánsson: Thor Jensen I. - II. Rvík 1954-1955.
- Vefsíða Alþingis.
- Verzlunarráð Íslands 65 ára. Rvík 1982.
- Vilhjálmur Þ. Gíslason: Jón Sigurðsson í ræðu og riti. Rvík 1944.
- „ Upphaf sérverslunar, Reykjavík í 1100 ár. Rvík 1974.
- „ Íslensk verslun. Rvík 1955.
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson: Við sem byggðum þessa borg I. - III. Rvík 1956-1958.
- Ýmsir höf. : Saga Íslands I. - VI. Rvík 1974, 1975, 1978, 1989, 1990, 2003.
- „ Landshagir. Rvík 1986.
- Þorkell Jóhannesson: Lýðir og Landshagir I. Rvík 1965.
- „ Saga Íslendinga VII. Rvík 1950.
- Þórhallur Ásgeirsson: Efnahagsaðstoðin 1948 til 1953, Fjármálatíðindi, maí-júní 1955.

SAMKEPPNIN OG ÍSLENDINGAR

Erindi flutt í afmælishófi SVÞ, 26. maí 2004.

Ég komst í nokkurn vanda þegar ég var beðinn að segja nokkur orð við þetta tækifæri. Ekki kom til greina að nota pistil þann sem ég hafði áður afhent Samtökum verslunar og þjónustu. Ég hóf því að leita að öðru efni og staðnæmdist við átökin á milli fastakaupmanna og lausakaupmanna á fyrri hluta 19. aldar. Umfjöllunin er einkum um Breiðafjarðarsvæðið. Fyrst skal þó rifjað upp að fastakaupmenn áttu byggingar á verslunarstöðunum og legufæri á höfnum en lausakaupmenn áttu ekki slíkar eignir. Þeir sigldu þó oft árlega til landsins, fengu skjöl sín árituð í einhverjum kaupstaðanna og máttu eftir það versla hvar sem var á kaupsvæði þess kaupstaðar. Fastakaupmenn ömuðust stundum við lausakaupmönnum og samkeppni af þeirra hendi um vöruframboð og verð.

Tímaritið Gestur Vestfirðingur var gefið út í Flatey á Breiðafirði. Fyrsti árgangurinn kom út árið 1847. Þar er upplýst að tvær búðir séu á Búðum, ein í Ólafsvík, tvær í Grundarfirði, tvær í Stykkishólmi, tvær í Flatey, ein á Patreksfirði, ein á Bíldudal, ein á Þingeyri, þrjár á Ísafirði, ein í Kúvíkum og ein væntanleg á Borðeyri. Síðan bætir Gestur eftirfarandi við (bls. 22–23): „Lausakaupmenn frá Danmörku hafa optast nær, þó ekki ávallt, nú nær því í þrjátíu ár, komið á hverju sumri á hafnir allra þessara kaupstaða. Það þykir fullreynt, að lausakaupmenn þessir bæti töluvert verðlag á vörum, og eru öll líkindi til þess, því annars fengju ei farmenn þessir verzlauð vöru sinni einsog fastakaupmaðurinn sem fyrir er heima, meðan hann hefir sömu vörur að selja og kaupa fyrir, og svo hefir Íslendingum þótt vænt um komu lausakaupmanna þessara, að margir hafa viljað unna þeim fremur kaups á nokkru af vörum sínum, en fastakaupmanninum, þó eigi yrðu kaupin ábatameiri, heldur hafa þeir gjört það einungis í því skyni að lausakaupmaðurinn fældist ei frá að koma aftur, enda er reynslan fyllilega búin að sanna, að eigi hefir það ósjaldan við borið, að töluverð umskipti hafa orðið á vöruverðlaginu hjá kaupmanninum, þegar einginn verzlauði á höfninni fyrir framan“.

Nánar er lýst áhrifunum af komu lausakaupmanna í öðrum árgangi Gests og segir þar svo meðal annars (bls. 14–15): „sást nú um messudagaleytið (24. júní – 2. júlí), hver endir mundi á verða með komu lausakaupmanna, að þeir brugðust allir, sem að undanfögnu höfðu lagt leiðir sínar til Stykkishólms, brá þá mörgum í brún, einkum þeim sem verið höfðu kaupnautar þeirra, þókti þá mörgum þeim góð ráð dýr, og vissu ekki hvert skyldi leita til að fá nauðsynjar sínar, sóktu þá nokkrir til Flateyjar, þó að lítið bættist þar úr þörfum þeirra, því um það leitið og nokkru á eftir var þar vöruskortur mikill. Svo er mælt, að verzlunarmenn í Stykkishólmi hafi ekki verið þeim hýrir í horn að taka, neitað þeim um korn, kaffe og ýmsar nauðsynjar nema með afarkostum ... en í byrjun lesta (hér fyrri hluti júlímánaðar) bættist svo úr vandræðum, að einn lausakaupmaður kom frá Reykjavík í Stykkishólmi, er það og sögn sumra, að rétt áður

hafi verið haft á orði, að kornvara mundi vera þar á 14 dali (tunnan), og aptur ull og tólk tekin á 2 skild. minna hvert pund, en varð eptir það. Við komu lausakaupmannsins varð almennt sölulag á rúgi og mjöli 13 dalir tunnan.“

Þessar upplýsingar sýna að Íslendingar höfðu verulegan hag af komu lausakaupmanna. Það var því að vonum að þeir reyndu að stuðla að árlegum heimsóknum þeirra með því að eiga við þá viðskipti og veita þeim liðsinni gegn fastakaupmönnum. Átök fastakaupmanna og lausakaupmanna gátu stundum orðið býsna hörð, en þó væntanlega sjaldan eins og í Flatey árið 1823. Skal þeirri sennu nú lýst í stuttu máli. Tekið skal fram að upplýsingarnar eru úr úrdrætti úr grein eftir Sonne kaupmann og frá Gísla Konráðssyni (Lbs. 1124, 4 to). Gísli hefur vissulega oft verið fjær um sögn en í þetta skipti, ýmsir af kunningjum hans og velgjörðarmönnum voru í hópi aðalpersónanna eða börn þeirra.

Fyrsti lausakaupmaðurinn kom til Flateyjar sumarið 1823. Þetta var danskur maður, Sonne að nafni og var frá Rønne á Borgundarhólmi. Sonne vildi festa skip sitt í stóra járnhringi sem til þessa voru ætlaðir. Þá brást fastakaupmaðurinn, Guðmundur Scheving, einn hinna þriggja miklu brautryðjenda um útgerð og verslun, hart við og neitaði Sonne um aðgang að hringjunum, kvaðst eiga þá sem mun hafa verið rétt. Æstu kaupmenn sig mjög og hótaði Sonne að skjóta á kaupmannshúsin af fallbyssu sem var á skipi hans. Guðmundur hóf þá viðbúnað til að endurgjalda skothríðina en fallbyssur voru víða í kaupstöðum á öndverðri 19. öld og voru ætlaðar til varnar gegn ræningjum. Báðir söfnuðu liði. Flateyingar fylgdu flestir Guðmundi kaupmanni, en menn úr grenndinni komu til liðs við Sonne, til dæmis Einar Ólafsson hinn ríki í Rauðseyjum sem kom með mannað skip. Magnús nokkur sterki var á skipi með Einari í þessari för en fyrir kom að á hann rann berserksgangur. Mælt er að Magnús hafi látið eftirfarandi orð falla þegar hann hélt frá Rauðseyjum: „Nú skal slást í dag“.

Allt virtist komið í óefni. Þá gengu þeir Ólafur prófastur Sivertsen og Eyjólfur Einarsson í Svefneyjum, Eyjólfur Eyjajarl, á milli og náðu samkomulagi um að Sonne borgaði 12 spesíur í festargjald í þetta skipti (spesía = tveir ríkisdalir). Enginn mátti versla við Sonne fyrr en hann hafði greitt gjaldið og ekki mátti skipið liggja lengur en hálfan mánuð á höfninni fyrir þetta gjald. Dagektum skyldi beitt ef skip Sonnes var þar lengur og voru þær háar. Sonne lét draga upp fána þegar fresturinn var liðinn til merkis um að hann væri hættur að versla. Þá gaf ekki til brottferðar og vildi Guðmundur Scheving þá skjóta á skip Sonnes. Svefneyingar komu í veg fyrir þetta með því að leggja bátum sínum við þá hlið á skipi Sonnes er snéri að Flatey og gera Guðmundi ljóst að hann yrði að skjóta á þá ef hann léti skjóta á skipið. Ekki vildi Guðmundur ganga svo langt en vissara þótti Svefneyingum að flytja skipið inn á Svefneyjasund á meðan beðið var eftir hagstæðum byr og að skilja ekki við skipið fyrr en á réttri siglingarleið. Sonne ritaði um atburði þessa í dagblaðið Dagen í Kaupmannahöfn eftir komuna þangað og sagði sínar farir ekki sléttar. Væntanlega hafa stjórnvöld veitt Guðmundi tiltal enda sýndi hann ekki oft af sér yfirgang af þessu tagi. Sonne kom alloft til Flateyjar síðar og einnig fleiri lausakaupmenn. Árið 1832 versluðu þar til dæmis fimm slíkir: Brynjólfur Benedictsens frá Stykkishólmi, Christensen úr Reykjavík, Kopperfeldt og Siemsen frá Flensborg og

Gram frá Ballum í Slesvík. Brynjólfur varð síðar fastakaupmaður og stórútgærðarmaður í Flatey.

Fastakaupmenn átta einnig trausta viðskipavini svo sem ráða má af eftirfarandi frásögn Finns Jónssonar á Kjörseyri við Hrútafjörð (Þjóðhættir og ævisögur, bls. 202–203): „En fyrir kaupmannastéttinni bar hann (Ólafur Gíslason, hafnsögumaður á Kolbeinsá) mikla virðingu og var talinn kaupmannavinur. Sér í lagi var hann í miklum kunnugleikum við þá, er ráku hér á Borðeyri verzlun Clausens gamla. Bjarni Sandholt, lausakaupmaður, mágur Clausens, kom fjölmörg ár á Borðeyri, og var Ólafur honum handgenginn. En sagt var, að Bjarni hefði ekki verið nein fyrirmynd að veglyndi eða menntun. Og það var sannfæring margra, að Ólafur hefði eitt sinn snúið aftur hér við fjarðarmynnið, lausakaupmanni, Carl Fredrik Glad frá Kjöge, er verzlaði hér árlega, og var keppinautur þeirra Bjarna Sandholt og Valdimars Bryde er löngu seinna var búsettur á Borðeyri. Þótti Glad gefa betri þrisa og vera lipurri en hinir. Þetta mun hafa verið 1860, um vorið, því að 3. sept. 1860 dó Glad á skipi sínu á Reykjavíkurböfn. Um nokkur ár eftir fráfall hans hélt sonur hans áfram verzlun á Borðeyri.

Allir töldu það víst, að Ólafur hefði gert það fyrir orð Sandholts að snúa Glad aftur. Hvað sem satt er í því, fékk Ólafur ámæli mikið hjá alþýðu fyrir þetta, þar sem margir viðskiptamenn Glads biðu með vörur sínar. En Ólafur átti að hafa sagt Glad, að öll verzlun væri úti, því hann kom löngu seinna en Sandholt og Bryde.

Föst verslun á Borðeyri hófst árið 1861 en áður var verslað þar frá skipsfjöllum að sumarlagi um nokkurt árabil. Bjarni Sandholt hefur því rekið eins konar útibú á Borðeyri frá verslun Hans Clausens í Ólafsvík sumarið 1860. Víst er að Glad snéri frá í Hrútafjarðarmynni þetta sumar og að því er virðist að tilefnislausu nema að hann hafi fengið rangar upplýsingar hjá embættismanninum Ólafi Gíslasyni. Rétt er að geta að Hans Clausen, húsbóndi Bjarna, var fastakaupmaður og mjög umsvifamikill.

Upplýsingar Gests Vestfirðings um áhrifin af komu lausakaupmanna á verðlag sýna að íbúar þeirra héraða sem lausakaupmenn vöndu á komur sína á fyrri hluta og um miðbik 19. aldar bjuggu við betri viðskiptakjör en íbúar annarra héraða. Lausakaupmenn sóttu á öndverðri öldinni inn á hafnir á svæðinu frá Reykjanesi að Ísafjarðardjúpi og nokkru síðar einnig til hafna á Norðurlandi, einkum við Eyjafjörð. Á þessu svæði kvað nokkuð að þéttbýlismyndun á fyrrnefndu tímabili, þar voru miðstöðvar þilskipaútgærðar og þar kvað mest að fiskverkun. Lítt eða ekki bar á framförum á þessum sviðum í öðrum landshlutum, það er á svæðinu frá Skjálfaflóa til Suðurlands. Þarna voru fastakaupmenn einir um hituna. Suðurlandsundirlendið var sumpart undir sömu sök selt en nálægðin við Faxaflóa bætti nokkuð úr skák. Íbúar Suðurlandsundirlendisins sóttu í talsverðum mæli verslun til Faxaflóahafna og einkum þegar vöruskortur tók að gera vart við sig á Eyrarbakka. Slíkt var ekki óvanalegt þegar leið fram á vetur að sögn Jóns Pálssonar í Austantórum. Ef til vill er rétt að líta á fyrrnefnda svæðið sem þróað í atvinnulegu tilliti frá 1800 og fram yfir miðja 19. öldina, ekki síst með tilliti til þéttbýlismyndunar, fiskvinnslu og útgærðar. Svæðið frá Skjálfaflóa til Suðurlands hefði þá verið þróunarsvæði.

Algert verslunarfrelsi var innleitt árið 1855. Lítið kvað að breytingum fyrstu áratuginna en þetta breyttist um 1880. Næstu áratuginna urðu miklar framfarir á sviði verslunar og tengdust þær sumpart sjálfstæðisbaráttunni. Það fór til dæmis ekki á milli mála á fyrsta tug 20. aldar að talsmenn verslunarinnar töldu bættu menntun verslunarmanna tengjast henni og einnig að ná heildversluninni (stórversluninni) inn í landið.

Jóni Sigurðssyni forseta og stuðningsmönnum hans var ljóst mikilvægi verslunar fyrir þjóðfélagið og töldu tilskipunina frá 1854 marka upphaf betri tíðar ef landsmenn bæru gæfu til að notfæra sér þau tækifæri sem hún bauð upp á. Svipað viðhorf kom oft fram í ræðum og riti fyrirmanna næstu áratuginna. Talsmenn verslunar á 20. öld, einkum á tímabilinu frá því um 1920 og fram á síðasta fjórðung aldarinnar, kvörtuðu á hinn bóginn alloft um mikinn og ósanngjarnan áróður gegn versluninni. Stundum var þessi áróður talinn sýna viðhorf sem atvinnugreinin hefði erfð frá löngu liðinni einokun. Það verslunarform var mjög óvinsælt og hefur væntanlega geymst lengur í minni þjóðarinnar af þeim sökum. Einnig kvörtuðu þessir talsmenn um að í þjóðmálaumræðunni merktu orðin „atvinnuvegir þjóðarinnar“ landbúnað og sjárvarútveg og í minna mæli iðnað, verslun teldist ekki til þeirra. Nokkuð kann að vera hæft í þessu, Íslendingar ættu því að hafa gengið búauðgisstefnunni mjög á hönd og aðhylltust hana þó fáir hér á 18. öld. Fylgismenn þessarar stefnu töldu verslun ekki auka verðmæti vörunnar og taldist atvinnugreinin því „geld“. Nútímamenn gera sér á hinn bóginn ljóst að þetta er hin mesta firra, góð sölumennska og markviss markaðssetning eykur verðmæti verulega. Þessa verða menn daglega varir ef svo má að orði komast.

Lýður Björnsson